

Raflínunefnd

Skipuð af lönaðarráðuneytinu

FRAMVINDUSKÝRSLA

júní 1973–maí 1975

Reykjavík júní 1975

Raflínunefnd
Skipuð af Iðnaðarráðuneytinu

FRAMVINDUSKÝRSLA

júní 1973–maí 1975

Reykjavík júní 1975

E f n i s y f i r l i t

Listi yfir Fylgiskjöld

bls.

1. Skipun	1
2. Yfirlit yfir störf nefndarinnar frá júní 1973-mai 1975	1
3. Lokastörf að tengilinu milli Norður- og Suðurlands	2
3.1 Val á linuleið fyrir Norður-Suðurlinu	2
3.2 Val linustæðis og langsniðsmæling á byggðaleið	2
3.3 Jarðvegskönnun á linustæði um byggðaleið	3
3.4 Öflun leyfis langeigenda til linulagnar	3
3.5 Ísing og veðurskilyrði á linuleiðinni	4
3.6 Samstarf við Vegagerð ríkisins	5
3.7 " " Póst og Síma	6
3.8 " " Náttúruverndarráð	6
3.9 Endabúnaður og spennistöðvar á leið linunnar	7
3.10 Staðfesta (stabilitet) linunnar	7
3.11 Lokahönnun byggðalinu, kostnaðarsamanburður á tré og stálmöstrum	7
3.12 Athugun á efnisútvegun	8
3.13 Skipun byggingarnefndar byggðalinu og samstarf við hana	9
4. Ný verkefni	9
5. Lína Akureyri-Krafla-Egilsstaðir-Höfn	10
5.1 Lína Egilsstaðir-Höfn	11
5.2 Lína Akureyri-Krafla	12
5.3 Skipulag línulagna í grennd við Kröflu og Námafjall	13
5.4 Lína Krafla-Hérað	14
6. Vestfjarðalína	14
6.1 Linukaflinn Mjólká-Gemlufall	16
7. Heildarkerfi	17
8. Ísingarrannsóknir	24
8.1 Söfnun upplýsinga um ísingu í bilanatilvikum	25
8.2 Mat sérfróðra manna og staðkunnugra	25
8.3 Ísingarmælingar	26

8.3.1 Nýibær og Sandbúðir	26
8.3.2 Tilraunaspenn og ísingargrindur	27
8.4 Gagnasöfnun um ísingu í framtíðinni	28
8.5 Samvinna við Norðmenn um ísingarrannsóknir	28
9. Yfirlit yfir núverandi verkefni Raflínunefndar og tillögur um ný verkefni	29
9.1 Yfirlit yfir stöðu núverandi verkefna	29
9.2 Næstu áfangar í störfum Raflínunefndar	31
9.3 Tillögur um ný verkefni.	31

Listi yfir fylgiskjöl

- Fskj. 1 Bréf Iðnaðarráðuneytisins til "Raflinunefndar" dags. 17. des. 1973.
- Fskj. 2 Bréf Raflínunefndar til Iðnaðarráðuneytis dags. 27. des. 1973.
- Fskj. 3 Niðurstöður Raflínunefndar varðandi endanlegar ísingar- og vindhraðaforsendur á byggðaleið.
- Fskj. 4 Umsögn Tron Horn og ábendingar um öryggisstuðla.
- Fskj. 5 Bréf Raflínunefndar til Iðnaðarráðuneytisins dags. 6. febr. 1974, varðandi efniskaup í Byggðalinu.
- Fskj. 6 Skýrsla Guðmundar E. Hannessonar um línuleið milli Hornafjarðar og Egilsstaða.
- Fskj. 7 Skýrsla um hámarksvindhraða og ísingarhættu á háspennulínuleið milli Egilsstaða og Hafnar í Hornafirði.
- Fskj. 8 Skýrsla Gunnars Ámundasonar og EFI um staðfestu raforkukerfa á Norður- og Suðurlandi í samrekstri um byggðalinu.
- Fskj. 9 Bréf Raflínunefndar til Iðnaðarráðuneytisins dags. 10.02.75, um línuflann Mjólká-Gemlufall.
- Fskj. 10 Bréf Raflínunefndar til Iðnaðarráðuneytisins, dags. 20.05.74 varðandi gagnasöfnun um ísingu.
- Fskj. 11 Riss að raforkulandskerfi í nálægri framtíð.
- Fskj. 12-14 Orkuflutningur um landskerfi utan Suðvesturlands, í venjulegum rekstri og við línubilanir, í nálægri framtíð.
- Fskj. 15 Fundargerðir Raflínunefndar.

RAFLÍNUNEFND

Framvinduskýrsla
júní 1973-máí 1975.

1. Skipun Raflínunefndar

Raflínunefnd var skipuð í júlí 1972. Í henni eiga sæti:

Flosi Hrafn Sigurðsson, veðurfræðingur
Guðjón Guðmundsson, skrifstofustjóri
Jakob Björnsson, orkumálastjóri
Tryggvi Sigurbjarnarson, deildarverkfræðingur

Nefndin vann í fyrstu eingöngu að undirbúningi háspennulínu milli Norðurlands og Suðurlands og starfaði þá undir nafninu "Vinnuhópur um háspennulínu milli Norðurlands og Suðurlands". Með bréfi Iðnaðarráðuneytisins, dags. 17. des. 1973, sem stílað er á "raflínunefnd", voru nefndinni falið ný verkefni, og frá þeim tíma hefur hún starfað undir nafninu "raflínunefnd". (Sjá fylgiskjal 1).

2. Yfirlit yfir störf nefndarinnar frá júní 1973-máí 1975.

Raflínunefnd (þá nefnd "Vinnuhópur um háspennulínu milli Norðurlands og Suðurlands) skilaði frá sér framvinduskýrslu í júní 1973, þar sem lýst var starfi nefndarinnar frá skipun og fram til þess tíma. Framvinduskýrsla sú, sem hér birtist, lýsir starfinu frá júní 1973 til maí 1975.

Fyrri hluta þessa tímabils starfaði nefndin einkum að áfram-haldandi undirbúningi Norður-Suðurlínu. Hinn 27. des. 1973 gerði nefndin Iðnaðarráðuneytinu grein fyrir niðurstöðum athugana sinna með ítarlegu bréfi, þar sem hún lagði til, að svonefnd byggðaleið yrði valin (sjá fylgiskjal 2).

Eftir áramótin 1973-74 vann nefndin áfram að undirbúningi byggðalinu, eins og línan fór nú að verða nefnd, eftir að línuleiðin varð að heita má ákveðin. Hinn 5. mars 1974 skipaði Iðnaðarráðuneytið sérstaka byggingarnefnd byggðalínu. Raflínunefndin

hélt allmarga sameiginlega fundi með byggingarnefndinni vorið 1974, en frá þeim tíma lauk afskiptum Raflínunefndar af byggðalinu.

Nefndin hélt áfram könnun á veður- og ísingarskilyrðum á há-lendinu vegna línlagna þar síðar. Jafnframt tók hún að vinna að þeim verkefnum, sem henni voru falið með bréfinu frá 17. des. 1973.

Störfum nefndarinnar verður nánar lýst hér á eftir.

3. Lokastörf að tengilínu milli Norður- og Suðurlands

3.1 Val á línuleið

Sumarið 1973 hélt nefndin áfram athugunum sínum á hinum ýmsu leiðum fyrir línu milli Norður- og Suðurlands. Á grundvelli athugana frá Nýjabæ-veturinn 1972/73; veðurathugana á Hveravöllum; athugana áteinstökum ísingargrindum og spennum á nokkrum stöðum á hálandinu veturinn 1972/73; skýrslu Råstads frá nóv. 1972 (sbr. fyrri framvinduskýrslu); svo og á grundvelli annarrar vitneskju, sem nefndin aflaði sér, reyndi hún að gera sér grein fyrir eðlilegum hönnunarforsendum fyrir Norður-Suður-línu og því, hvaða mismunur væri á þeim eftir línuleiðum. Því næst fékk nefndin verkfræðifyrirtækið Tron Horn A/S í Oslo og Samúel Ásgeirsson, verkfræðing, til að vinna að frumhönnun og samanburðarkostnaðaráætlunum um línur eftir mismunandi leiðum. Hún fékk og Egil Skúla Ingibergsson, verkfræðing, til að gera sams konar kostnaðaráætlun um endabúnað.

Nefndin gerði grein fyrir niðurstöðum þessara athugana í bréfi til Iðnaðarráðuneytisins, dags. 27. des. 1973 (Fylgiskjal 2 með þessari skýrslu). Þar er mælt með byggðaleið fremurum hálandisleiðum (Kjalleið; Eyjafjarðarleið; Bárðardalsleið) og röksemdir fyrir því vali raktar.

3.2 Val línustæðis og langsniðsmæling á byggðaleið

Nefndin fékk Guðmund Hannesson, yfirverkstjóra línubygginga Rafmagnsveitna ríkisins, til að velja línuleiðina eftir byggða-

leið, frá Andakíl að Varmahlíð í Skagafirði. Guðmundur athugaði einnig lauslega leiðina frá Andakíl að Grundartanga. Á þeim tíma lá ekki ljóst fyrir, hvort af verksmiðjubyggingu yrði þar, eða hvort línan yrði að liggja frá Andakíl að Sogi, eins og ráðgert var, ef ekkert yrði af málblendiverksmiðjunni. Nefndin fékk síðan Gunnar Þorbergsson, landmælingamann hjá Orkustofnun til að mæla hina völdu línuleið ásamt samstarfsmönnum sínum, frá Andakíl að Varmahlíð. Val línustæðis og lengdarsniðsmælingin fór fram sumarið 1973. Skýrsla var gefin út um mælingarnar af Landmælingum Orkustofnunar í nóvember 1973. Nefnist hún "Lega og hæð stöðva í línustæði milli Hvalfjarðar og Varmahlíðar".

Á einstökum stuttum köflum var línuleiðinni síðar breytt nokkuð vegna náttúruverndarsjónarmiða, afstöðu til síma og vega og ábendinga norskra sérfræðinga, sjá síðar (3.5).

Sums staðar kannaði Guðmundur fleiri en eina línuleið, og var valið á milli þeirra síðar. Breytingarnar á línustæðinu voru mældar í maí-júní 1974, og kom út skýrsla um þær hjá Landmælingum Orkustofnunar í janúar 1975. Nefnist skýrslan "NORDURLÍNA; lega og hæð stöðva í línustæði (breytingar)".

Lengdarsniðið var teiknað á teiknistofu Orkustofnunar haustið 1973 og veturinn 1973-74.

3.3 Jarðvegskönnun á línustæði um byggðaleið

Nefndin fékk jarðfræðinga hjá Orkustofnun til að gera jarðvegskönnun á línuleiðum vegna undirstaðna mastranna. Birgir Jónsson, jarðfræðingur, og samstarfsmenn hans, unnu verk þetta undir yfirstjórn Hauks Tómassonar, jarðfræðings, sumarið 1973. Niðurstöðum þeirra athugana er lýst í skýrslunni: "Norðurlína; byggðaleið. Jarðfræðilegar athuganir á línustæðinu", OS ROD 7410 Maí 1974.

3.4 Öflun leyfis landeigenda til línulagnar

Nefndin fékk Stefán Árnason á Akureyri til að ferðast milli bænda á byggðaleið og afla samþykkis þeirra fyrir því, að línan yrði lögð yfir lönd þeirra. Stefán byrjaði á þessu verki sumarið

1973. Hefur hann heimsótt alla jarðareigendur á leiðinni og fengið samþykki flestra þeirra til línulagnarinnar. Gögn þau, er Stefán aflaði, voru síðar afhent Byggingarnefnd byggðalinu.

3.5 Ísing og veðurskilyrði á línuleiðinni

Nefndin hefur varið miklum tíma í að reyna að ákvarða á sem raunhæfastan hátt, hvaða ísingur og vindhraða skyldi leggja til grundvallar hönnun línu um byggðaleið. Í því sambandi telur nefndin, að taka verði tillit til þess, að kröfur þær, er í framtíðinni verða gerðar um öryggi gegn rafmagnsleysi, verða væntanlega mun meiri en verið hefur til þessa, vegna vaxandi húshitunar með rafmagni og iðnvæðingar. Norður-Suðurlínan mun að dómi nefndarinnar verða í framtíðinni hlekkur í meginorkuflutningskerfi, er ná mun til allra landsfjórðunga. Slikt kerfi, sem tekur til mangra landsfjórðunga, verður að hanna út frá öðrum og strangari kröfum en línum, er aðeins ná til einstakra byggðarlaga og miklu færri notenda.

Niðurstöður urðu þær, að nefndin taldi ófært að Norður-Suðurlínu væri bilanahættara en meginlínum á Landsvirkjunarsvæðinu. Hönnunarforsendurnar um ís og vindálag yrði því að velja þannig, að miðað við staðhætti á hverjum kafla, yrðu bilanalíkurnar ekki meiri en á þeim.

Betta sjónarmið á að dómi nefndarinnar við um byggðaleiðina. A línu yfir hálendið yrðu bilunarlíkurnar að vera nokkru lægri, miðað við staðhætti, en á núverandi línum Landsvirkjunar, sökum þess hve miklu örðugra er um viðgerðir þar en í byggðum.

Varðandi vindhraða þann, er línumni skyldi ætlað að standast, var stuðst við tiltækur vindhraðamælingar á íslenskum veðurathugunarstöðvum og hliðsjón höfð af íslenskum staðli (ÍST 12.3) um vindálag á byggingar. Ennfremur var stuðst við reynslu af rafmagnslínum og símalínum í byggðum þeim, er línan mun liggja um (Húnavatnssýsla; Borgarfjörður). Nefndin reyndi að safna tiltækum upplýsingum um línubilanir á þessu svæði og viðar að, einkum frá Rafmagnsveitum ríkisins og Pósti og síma. Því miður er aðeins hluti þessara upplýsinga talnalegur, en reynt var að styðjast við þær.

Nefndin fékk Håkon Råstad, veðurfræðing frá Noregi (sjá fyrri framvinduskýrslu) og Olav Wist, verkfræðing frá Tron Horn A/S í Oslo, til að fara um línuleiðina ásamt Flosa Hrafní Sigurðssyni, veðurfræðingi, og Samúel Ásgeirssyni, verkfræðing. För sú var farin í lok febrúar 1974. Tilgangurinn var að skoða leiðina með tilliti til ísingar og vindhraða. Þeir Råstad og Wist skiliðu skýrslu um athuganir sínar, þar sem þeir gerðu tillögur um ísingar- og vindhraðaforsendur. Ennfremur gerðu þeir tillögur um breytingar á legu línunnar á stöku stað. Nefndin studdist mjög við tillögur þeirra við val á endanlegum ísingar- og vindhraðaforsendum, en vék þó nokkuð frá þeim, einkum til hækunar, þar sem henni þótti rök til þess.

Eftir að byggingarnefndin var skipuð, voru hönnunarforsendurnar oft ræddar við hana, áður en Raflínunefndin gekk endanlega frá þeim.

Við val á endanlegum hönnunarforsendum verður að hafa í huga við hvaða öryggisstuðla skuli miðað. Nefndin er þeirrar skoðunar, að sjálfar forsendurnar um ísingar og vindhraða eigi að velja eftir því ísingarmagni og vindhraða, sem raunverulega koma fyrir, en velja öryggisstuðla síðan með hliðsjón af efnisgæðum og vinnugæðum fremur en að styðjast við gamlar og jafnvel úreltar tölur um öryggisstuðla úr mismunandi terlendum reglugerðum og nörnum, en jafna síðan metin með því að lækka tölurnar um ís- og vindáraun. Val á öryggisstuðlum var rætt við Tron Horn og fengin umsögn hans.

Fylgiskjal 3 sýnir niðurstöður Raflínunefndarinnar varðandi endanlegar ísingar- og vindhraðaforsendur á byggðaleið. Fylgiskjal 4 er umsögn Tron Horn og ábendingar um öryggisstuðla. Nefndin fylgdi þessum ábendingum um það efni.

3.6 Samstarf við Vegagerð ríkisins

Raflínunefndin sendi Vegagerð ríkisins uppdrátt af línuleið byggðalínunnar, eftir að hún hafði verið ákvörðuð í meginráttum. Var lýst eftir athugasemdum um afstöðu línunnar til vega, bæði

núverandi og framtíðarvega. Haldinn var fundur með vegamálastjóra og nokkrum starfsmönnum hans. Fram komu athugasemdir við legu línumnar á fáeinum stöðum, og var henni breytt þar í samræmi við óskir Vegagerðarinnar.

3.7 Samstarf við Póst og síma

Raflínunefndin gerði einnig Pósti og síma grein fyrir ráðgerðri legu línumnar, og hélt einnt fund með verkfræðingum Pósts og síma og Byggingarnefnd byggðalinu, sem þá var nýskipuð. Fram komu ýmsar athugasemdir um legu línumnar á Holtavörðuheiði og í Norðurárdal með ábendingum um æskilega tilfærslu brott frá jarðsímastreng á þessum köflum. Að nokkru félru þessar óskir um tilfærslu saman við það, sem heppilegt þótti vegna Vegagerðarinnar, og einnig voru þær í samræmi við ábendingar norska verkfræðingsins Olav Wistum, hvernig fella mætti línumna betur að landslaginu á þessum slóðum. Nefndin telur, að viðunandi lausn fyrir alla aðila hafi fengist á þessum vanda.

3.8 Samstarf við Náttúruverndarráð

Byggðalína var rædd í samstarfsnefnd Iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs umorkumál. Fulltrúar Náttúruverndarráðs í nefndinni tóku málið síðan uppl í ráðinu sjálfu og náttúruverndarnefndum og samtökum á því svæði, er línan skyldi lögð um var kynnt málið.

Fram komu nokkrar athugasemdir um legu línumnar, m.a. á sunnanverðum Grjóthálsi; við botn Hrútafjarðar; við Þristapa og Eylandi í Þingi; við Svínavatn; og í nágrenni Varmahlíðar. Fulltrúar náttúruverndaraðila tóku þátt í vettvangsskoðun með fulltrúum Raflínunefndarinnar og Byggingarnefndarinnar (sem þá var tekin til starfa). Á málum þessum fékkst viðunandi lausn fyrir alla aðila með nokkrum tilfærslum á línuleiðinni, einkum í Þingi; á Sólheimahálsi, milli Langadals og Svínavatns; og ofan við Varmahlið.

3.9 Endabúnaður og spennistöðvar á leið línunnar

Raflínunefndin fékk Rafteikningus.f. til að gera tillögur og kostnaðaráætlun um endabúnaðá línunni (á Grundartanga og Akureyri), svo og gerð spennistöðva við Andakíl og Laxárvatn. Nefndin taldi rétt að reikna með orkuafhendingu frá línunni á 66 kV spennu á þessum tveimur stöðum, og að reikna þá kostnað við 132/66 kV spennistöðvar á þessum tveimur stöðum með í kostnaði línunnar.

Allur kostnaður við að lækka spennuna meira en þetta taldi nefndin aftur á móti, að tilheyrði raforkudreifingunni í hverju héraði umsíg, og því ekki rétt að telja hann með í kostnaði byggðalinu.

3.10 Staðfesta (stabilitet) línunnar

Nefndin leitaði til Verkfræðistofu Gunnars Ámundasonar og Elektroforsyningens Forskningsinstitutt (EFI) í Prándheimi með ósk um; að þeir í sameiningu tækju að sér að athuga, hvort raforkukerfin á Norðurlandi og Suðurlandi væru staðfost sín í milli ísamrekstri um byggðalinu. Báðir aðilar félust á að taka verkið að sér í sameiningu og skiliðu skýrslu um athuganir sínar. Hlutihennar eru birtur sem fylgiskjal 8 með þessari framvinduskýrslu. Niðurstöðurnar sýndu, að staðfestan er viðunandi.

3.11 Lokahönnun byggðalinu. Kostnaðarsamburður á tré- og stálmöstrum

I bréfi Raflínunefndar til Íðnaðarráðuneytisins, dags. 27. des. 1973 (fylgiskjal 2 með skýrslu þessari), leggur hún til, að Rafmagnsveitum ríkisins verði falin lagning byggðalinu. En þar eð slík línlögns sé nokkuð utan verksviðs Rafmagnsveitnanna, eins og það eru skilgreint í Orkulögum, sé ef til vill heppilegt að fela sérstakri byggingarnefnd yfirstjórn framkvæmdanna í umboði ráðuneytisins. Til þessað tryggja nauðsynlegt samhengi undirbúnings og framkvæmda, taldi raflínunefndin heppilegt, að hún væri væntanlegri byggingarnefnd og ráðgjafaverkfræðingum hennar til ráðuneytis, einkum um hönnunarforsendur.

Ráðuneytið fól Raflínunefndinni munnlega að halda áfram undirbúningi byggðalinu uns það tæki frekari ákvarðanir í málinu.

Í ofangreindu bréfi til Iðnaðarráðuneytisins segir svorum loka-hönnun línumnar: "Æskilegast er að geta falið þetta verk íslenskum ráðgjafaverkfræðingum. Flestir þeirra eru störfum hlaðnir, og fáir þeirra hafa mikla reynslu í hönnun síkrathá-spennulína, sem hér um ræðir. Sökum þess að mjög naumur tími er til stefnu, getur orðið nauðsynlegt að leita einnig til erlendra ráðgjafaverkfræðinga með reynslu á þessu sviði, og nægan vinnukraft til að ljúka hönnuninni á þeim skamma tíma, sem til ráðstöfunar er."

Í samræmi við þetta sneri Raflínunefndin sér til Samúels Ásgeirssonar, verkfræðings, sem þá starfaði sem ráðgjafaverkfræðingur, og verkfræðistofunnar Tron Horn A/S í Oslo, með ósk um að ákæmist samstarf milli þeirra um lokahönnun byggðalinu. Þetta samstarf komst á Vann Samúel jöfnum höndum að verkinu hér í Reykjavík og á verkfræðistofu Tron Horn A/S í Oslo, í samvinnu við verkfræðinga þeirra. Reikniforskriftir Tron Horn voru mjög notaðar við verkið.

Einn fyrsti þátturinn í lokahönnun línumnar var að gera kostnaðarsamanburð á tréstaurum og stálmöstrum, miðað við þær hönnunarforsendur, sem nefndin tiltók og áður er að vikið. Var niðurstaðan sú, að gerlegt væri og hagkvæmt að leggja línumna á tréstaurum, nema ef til vill á tiltölulega stuttum heiðaköflum, þar sem ísingarhætta var talin mest.

3.12 Athugun á efnisútvegun

Með aðstoð Rafmagnsveitna ríkisins leitaði Raflínunefndin tilboða í tréstaura í byggðalinuna frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Í ljós kom, að erfitt var um útvegun tréstaura, en tilboð bárust þó frá tveimur finnskum framleiðendum í samtals 4600 staura, til afhendingar á tímabilinu júní - ágúst 1974, og frá öðrum þeirra að auki tilboð í 1400 staura til viðbótar til afhendingar í mai

1975. Frá niðurstöðum þessarar könnunar var greint í bréfi til Iðnaðarráðuneytisins, dags. 6. febr. 1974 (fylgiskjal 5), þar sem lagt er til, að þegar verði fest kaup á þessum staurum.

Nefndin gerði jafnframt ráðstafanir til, að Samúel Ásgeirsson, verkfræðingur, og Tron-Horn A/S hefðu eftirlit með vali þessara staura og gegndreypingu þeirra, ef af kaupunum yrði. Telur nefndin mjög mikla þörf á sliku eftirliti til að tryggja efnisgæði, en talið er, að um 20-25% stauranna geti gengið úr við slikt gæðaval sem ófullnægjandi vegna of lítils styrkleika; lélegrar gegndreypingar og af fleiri orsökum.

3.13 Skipun Byggingarnefndar byggðalínu og samstarf við hana

Hinn 5. mars 1974 skipaði iðnaðarráðherra Byggingarnefnd byggðalínu, er hafa skyldi í umboði ráðuneytisins yfirumsjón með lokahönnun línunnar og lagningu hennar. Formaður hennar var skipaður Egill Skúli Ingbergsson, verkfræðingur. Á tímabilinu frá 5. mars og fram í maí 1974 voru haldnir allmargir sameiginlegir fundir nefndanna (Byggingarnefndar og Raflínunefndar), eins og fram kemur í fundargerðum Byggingarnefndar, þar sem rædd voru einstök atriði í undirbúningi línunnar, einkum hönnunar-forsendur. Frá um það bil miðjum maí 1974 lauk hins vegar að mestu af skiptum Raflínunefndar af byggðalínu.

4. Ný verkefni

Með bréfi, dags. 17.12.1973, fól Iðnaðarráðuneytið nefndinni að halda áfram störfum eftir að verkefnum hennar að byggðalínu væri fokið. Bréf þetta fylgir með framvinduskýrslu þessari sem fylgiskjal 1.

Þau ný verkefni, sem ráðuneytið fól nefndinni með bréfi þessu, voru:

1. Að kanna aðstæður til raflínulagna frá Akureyri um Kröflusvæði og Egilsstaði til Hafnar í Hornafirði.

2. Að kanna aðstæður til línlugagna, er tengi Snæfellsnes og Vestfirði við aðallínukerfi landsins.

Línur þær, er verkefnin taka til, að viðbættri byggðalinu og kerfi Landsvirkjunar, mynda í heild kerfi, er nær til næra allra hluta landsins. Mörg rök hníga að því, að kerfi þessumuni í framtíðinni verða lokað með línum yfir hálandið og meðfram suðurströndinni, þannig að samfellt meginorkuflutningskerfi myndist, er nái til allra hluta landsins. Augljóst er, að einstakar línlur, einsnog t.d. milli Egilsstaða og Hornafjarðar, þarf þá að hanna þannig varðandi virgildleika, spennu og styrkleika, að þær geti verið eðlilegir hlekkir í síku framtíðar-kerfi, fremur en út frá skammtímasjónarmiðum um flutningsþörf til einstakra staða, einsnog t.d. Hornafjarðar. Þótti nefndinni rétt að leggja þetta heildarviðhorf til grundvallar því, hvernig hún tók á verkefnum þeim, sem henni voru falin.

5. Lína Akureyri - Krafla - Egilsstaðir - Höfn

Þegar nefndin hóf störf sín að nýju verkefnunum, vorið 1974, lá það fyrir, að bráðlega þyrfti að gera ráðstafanir til að sjá Hornafirði fyrir meiri raforku. Var helst áformáð hjá Rafmagnsveitum ríkisins að gera það með því að leggja háspennulinu frá Djúpavogi til Hafnar í Hornafirði í fyrstu, en síðar frá Egilsstöðum til Djúpavogs. Með hliðsjón af því þótti nefndinni rétt að leggja áherslu á þennan hlut av verkefnis síns, jafnframt því að öðrum hlutum þess væri einnig sinnt eftir föngum.

Síðar kom til stofnun Kröflunefndar og starf hennar að undir búningi Kröfluvirkjunar, sem mikil áhersla var lögð á að hraða. Raflínunefndin tók þá sérstaklega til athugunar línu kaflann Krafla-Akureyri, og veitti honum forgang í störfum sínum.

5.1 Lína Egilsstaðir - Höfn

Vorið 1974 ræddi Raflínunefndin við Guðmund Hannesson, yfirverkstjóra línuudeildar Rafmagnsveitnanna um leið fyrir línu frá Höfn um Djúpavog til Egilsstaða. Varð að ráði, að Guðmundur skyldi velja línuleiðina, en Órkustofnun láta landmælingamenn sína mæla lengdarsnið á leið þeirri, en Guðmundur veldi, og jarðfræðingar kanna jarðvegsaðstæður á leiðinni. Þessar athuganir voru kostaðar af fjárveitingum Órkustofnunar til línurannsókna. Skyldi Guðmundur gera skýrslu um könnun sína á línuleiðum.

Verk þetta var unnið sumarið 1974. Guðmundur lauk við að velja línustæði alla leiðina milli Hafnar og Egilsstaða. Langsniðsmælingu var lokið á kaflanum Höfn-Berufjarðarbotn, og jarðvegskönnun á samatkafla. Guðmundur samdi skýrslu um línuleiðina og hafði að mestu gengið frá henni er hann lést í þyrluslysinu á Kjalarnesi, hinn 17. janúar. Fylgir skýrsla hans hér með sem fylgiskjal 6. Um jarðvegsathuganirnar var einnig gerð skýrsla: "Jarðfræðileg könnun línustæðis Austurlínu og nágrennis þess"

OS-RÖD-7427.

Gefin var út skýrsla um langsnsiðsmælingarnar af Landmælingum OS, og nefnist hún "Leganog hæð stöðva í línustæði milli Hornafjarðar og Berufjarðar".

Jafnhliðan jarðvegskönnuninni ræddi jarðfræðingurinn við landeigendur á línuleiðinni og aflaði heimildar þeirra til línulagnar yfir lönd þeirra.

Til þess að undirbyggja ákvörðun á hönnunarforsendum fyrir línumáneri nefndin sér til Veðurstofu Íslands og óskaði upplýsingar um vindhraða og ísingar á línuleiðinni. Samdi Veðurstofan skýrslu um þetta, er fylgir hér með sem fylgiskjal 7. Í sama tilgangi beitti nefndin sér fyrir því, að sett voru tilraunaspenn á Starmýrarfjörur, en búin voru kraftmælum. Á þessum hluta línumánerar er um tvær leiðir að velja, nafni um Starmýrarfjörur og fyrirbotn Álfafjarðar og Hamarsfjarðar. Ekki hefur enn verið valið endanlega milli þeirra.

Á vegum nefndarinnar hefur verið haft samband við Póst og síma, Vegagerð ríkisins og Samstarfsnefnd Iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um torkumál, og þeim kynnt línuleiðin, með ósk um umsögn. Málið er til athugunar hjá þessum aðilum.

A næsta sumri er áformáð að ljúka langsníðsmælingu og jarðvegskönnun alla leið til Egilsstaða. Stefnt er að því að hafa tilbúnar frumtillögur um hönnunarforsendur fyrir árslok 1975.

5.2 Lína Akureyri - Krafla

Raflínunefnd hefur á fundum sínum rætt háspennulínuleiðir úr austri til Eyjafjarðar og Akureyrar. Til að ræða þetta mál fékk nefndin þá Ingólf Árnason, Rafvbeitustjóra Rafmagnsveitna ríkisins á Norðurlandi, Knút Otterstedt, framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar, og Samúel Ásgeirsson, verkfræðing hjá Rafmagnsveitum ríkisins á fund með sér. Þeir norðlendingarnir gerðu grein fyrir reynslunni af línum Laxárvirkjunar milli Laxár og Akureyrar, og af línum Rafmagnsveitna ríkisins á svæðinu.

A fundinum lagði nefndin fram kort með þremur hugsanlegum höfuðleiðum fyrir línum milli Kröflu og Akureyrar, sem henni þótti einkum komi til álita út frá landslagi og veðurfarslegum staðháttum. Þessar höfuðleiðir eru:

1. Krafla - Laxárvirkjun - Ljósavatnsskarð - Steinskarð eða Bíldsárskarð - Akureyri.
2. Krafla - Ljósavatnsskarð - Steinsskarð eða Bíldsárskarð - Akureyri.
3. Krafla - Hellugnúpsskarð - Fnjóskadalur - Bíldsárskarð - Akureyri.

Syðsta leiðin var talin hafa m.a. þann kost, að minna er á henni en hinum tveimur um þveranir á síma- og rafmagnslínum, og að tiltölulega auðvelt er á henni að sneiða hjá ræktuðu landi og verðmætu landi frá náttúruverndarsjónarmiði. A móti kemur,

að þessi leið liggur viða um vegleysur og að yfir tvær allháar heiðar eru að fara. Þvær syðri leiðirnar eru mun styrtar en sú nyrsta og liggja um annað land en núverandi lína milli Laxár og Akureyrar, sem er kostur á meðan sú lína er notuð. Á hinn bóginn krefjast þær síðar meir sérstakrar línu milli Laxárvirkjunar og Kröflu.

Niðurstaðanvarð, að Samúel færi norður og kannáði þessar leiðir í samráði við þá Knút og Ingólf; meinkum syðstu leiðina, sem er minnst þekkt. Lét nefndin honum í té kort af þeirri línuleið.

Þar eð Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið falin hönnun og lagning línunnar milli Kröflu og Akureyrar, taldi nefndin, að höfðu samráði við Samúel Ásgeirsson, verkfræðing, rétt, að Rafmagnsveitur ríkisins önnuðust nauðsynleg samskipti við Póst og síma, Vegagerð ríkisins og Náttúruverndarráð varðandi þessa línu. Nefndin mun hins vegar gera tillögur um hönnunarforsendur línunnar, þegar nánari könnun línuleiða hefur farið fram og að fengnum upplýsingum frá Veðurstofunni.

Þessar tillögur munu taka mið af því, að lína þessi verður í framtíðinni, ásamt meðbyggðalinu og línum milli Kröflu og Egilsstaða, hlekkur í landskerfi því, sem áður var að vikið, og þarf því að hafa sambærilegt öryggi gegn bilunum og þær.

5.3 Skipulag línulagna í nágrennd við

Kröflu og Námafjall

Við Kröflu og Námafjall verða í framtíðinni fyrir hendi sérstakar aðstæður, sem gera það nauðsynlegt að taka skipulag línulagna á svæðinu til rökilegri athugunar strax í upphafi en almennt er þörf á. Þessar aðstæður eru (1) að Krafla og Námafjall eru í næsta nágrenni Mývatns og koma náttúruverndarsjónarmið því inni í myndina meir en viða annars staðar; (2) að frágufuskiljum, kælitjörnum og kæliturnum jarðgufuvirkjana leggur mikla gufumekki, sem geta valdið ísingu á línum og

(3) að horfur eru á, að Kröflu-Námafjallssvæðið verði í framtíðinni hnútapunktur þaðan sem línur liggja til vesturs (Laxársvirkjun, kanskje Húsavík, Eyjafjörður-Akureyri), til Austurlands; suður yfir Sprengisand og til norðausturs að Dettifoss-virkjun og til Norðausturlands. Nefndin hefur því gert frumdrög að heildarskipulagi línlagna í grennd við Kröflu og Námafjall, er geri það mögulegt að koma fyrir öllum þessum línum, án þess að öryggi þeirra sé óhæfileg hætta búin vegna ísingar og án þess að þær spilli útliti umhverfisins stórlæga. Er ætlunin, að þessi frumdrög verði á næstunni rædd í samstarfsnefnd Iðnaðaráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál.

5.4 Lína Krafla - Fljótsdalshérað

Nefndin hefur rætt línuleiðir frá Kröflu til Héraðs og fengið ábendingar frá Erlingi Garðari Jónassyni, rafveitustjóra Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi. Könnun á línuleiðum stendur yfir, og áformáð er, að gerð verði sumarið 1975 langsniðsmæling og jarðvegskönnun á þeirri línuleið, sem helst þykir koma til greina að lokinni þeirri athugun.

6. Vestfjarðalína

Nefndin hefur í athugunum sínum gert ráð fyrir, að Vestfjarðalína tengdist Byggðalinu í Hrútafirði. Þaðan lægi hún í Króksfjarðarnes, líklegast með viðkomu í Dölum, þar sem sett yrði spennistöð fyrir það hérað. Nokkrar leiðir koma til álita frá Hrútafjarðarbotni í Króksfjarðarnes, og er enn ekki endanlega gert upp á milli þeirra.

Frá Króksfjarðarnesi til Ísafjarðar, þangað sem Vestfjarðalína þarf að liggja, komast vär meginleiðir einkum til greina:

(1) Barðastrandarleið, frá Króksfjarðarnesi í meginindráttum meðfram þjóðveginum vestur á Þingmannaheiði og þaðan suðvestanvert við meginhlendi Glámu að Mjólká og áfram yfir í Dýrafjörð og um Gemlufallsheiði og Breiðadalsheiði til Ísafjarðarkaupstaðar;

(2) norður að Djúpi og meðfram Djúpinu sunnanverðu til Ísafjarðarkaupstaðar. Siðarnefnda leiðin, Djúpleiðin, hefur þann kost, að hún liggur um eða nær hugsanlegum virkjunum við Djúp, og að Ísafjörður fær þá raforkum úr tveimur áttum. Að öðru leyti sýnist hún standa Barðastrandaleið að baki.

Nefndin hefur rætt línuleið til Vestfjarða við þá Aage Steinsson, rafveitustjóra Rafmagnsveitnatrikisins á Vestfjörðum, og Guðmundur Hannesson, yfirverkstjóra línuðeildar Rafmagnsveitnanna. Ferðuðust þeir tveir nokkuð um Vestfirði sumarið 1974 til að kanna leiðir. Aage hefur sett fram afbrigði af þeim meginleiðum, sem hér voru nefndar, þar sem gert er ráð fyrir að línan liggi frá Króksfjarðarnesi norður í Ísafjörð innst í Djúpinu, en þaðan yfir sunnanvert Glámuhálendið að Mjólká og áfram til Ísafjarðarkaupstaðarsömu leið og ef Barðastrandaleið er farin. Forsenda þessi að þetta geti verið skynsamleg leið er sú, að virkjanir við Djúp verði í Ísafirði eða Mjóafirði, en ekki utar, t.d. í Skötufirði.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun, sem hefur nú með höndum rannsókn virkjunarmöguleikar á Glámuhálendinu og fjallasvæðinu suður aftur Drangajökli, eru enn ekki unnt að fullyrða neitt um, hvar í Djúpinu líklegast sér, að virkjanir verði, að því undanskyldu að ætla má, að virkjað verði einhvers staðar í grennd við Þverá á Langadalsströnd, ef slik virkjun á annað borð reynist hagkvæm.

Með hliðsjón af þessu sýnist nefndinni, að ekki sé rétt að láta hugsanlegar virkjanir við Djúp, sem eru óvissar enn sem komið er, hafa mikil áhrif á valleiðar úr Hrútafirði til Ísafjarðarkaupstaðar fyrirlínu, sem leggja þarf nú á allra næstu árum. Á það eru að líta í þessu sambandi, að æskilegt er, að virkjanir í Djúpinu verði tengdar orkuflutningskerfinu um fleiri en eina línu, öryggis vegna. Má þess vegna vel hugsa sér, að þegar þessar virkjanir verða reistar, verði lögð lína frá Ísafjarðarkaupstað inn með Djúpinu sunnanverðu að virkjun þeirri eða virkjunum, en þær yrðu gerðar, og þaðan áfram yfir á Barðastrandarleið, þar sem lína þessi tengist Vestfjarðalínu á hentugum stað. Með þessu móti fengist lokaður hringur, sem allar

helstu virkjanir á Vestfjörðum væru tengdar inn á ásamt að-
veitustöðvum fyrir stærstu þéttbýlisstaðina. Væri á þennan
hátt mjög stuðlað að öryggi gegn rafmagnstruflunum.

Vegna þessa hefur nefndinn talið rétt að leggja megináhersluna
á könnun Barðastrandaleiðar, enda þótt Djúpleið eða afbrigði
af leiðunum báðum sé ekki alveg úttilokuð.

Ráðgert er að kanna nánar leiðir Vestfjarðalínu sumarið 1975.

6.1 Línukaflinn Mjólká - Gemlufall

Vegna áforma Rafmagnsveitna ríkisins um að auka orkuflutnings-
getuna frá Mjólkárvirkjun nú þegar stækkun hennar er að ljúka,
hefur Raflínunefnd tekið til sérstakrar athugunar línuhlutann
Mjólká-Gemlufall, en á þeim kafla áforma Rafmagnsveiturnar að
leggja línu sumarið 1975.

Sem fyrr segir gerir nefndin náð fyrir, að Vestfjarðalína liggi
alla leið til Ísafjarðarkaupstaðar, þar sem mesta raforkunotkunin
á Vestfjörðum eru. Kaflinn Mjólká-Gemlufall verður hluti Vest-
fjarðalínu, neft Barðastrandarleið er valin, og eins ef valið er
það afbrigði hennar og Djúpleiðar, sem Aage Steinsson hefur
stungið uppá. Nefndinni virtist því einsætt, að línukafla
þennan bæri að hann og leggja á þann hátt, að hann geti orðið
eðlilegur hlekkur í Vestfjarðalínu, og þar með í meginorkuflutn-
ingskerfi landsins. Nefndin telur því, að þennan línukafla eigi
að gera fyrir 132 kV spennu, enda þótt hann yrði um sinn rekinn
á lægri spennu. Sömuleiðis mælti nefndin með ákveðnum styrk-
leikakröfum til línu þessarar, sem eru við það miðaðar, að hún
verði, miðað við staðhætti, sem næst sambærileg um öryggi gegn
linubilunum, við Byggðalínu og meginorkuflutningslinur á Suður-
landi. Telur nefndin, að samræmi þurfi að vera í þessu efni
milli allra hluta þess meginorkuflutningskerfis, er hún fjallar
um, þannig að einn landshlutí búi ekki við meiri bilanalíkur
en aðrir, eftir því sem við verður komið.

Nefndin ritaði Iðnaðarráðuneytinu sérstakt bréf um línu kaflann Mjólká-Gemlu fall hinn 10. febrúar 1975, þar sem álagsforsendur fyrir þessum styrkleikakröfum eru settar fram (Fylgiskjal 9). Að ósk ráðuneytisins var afrit af bréfi þessu sent Rafmagnsveitum ríkisins.

7. Heildarkerfi

Nefndinni hefur þótt nauðsynlegt að gera sér nokkra grein fyrir heildarmynd af orkuflutningslinum á landinu í framtíðinni til þess að geta metið verkefni sitt út frá henni. Þetta heildarsjónarmið hefur m.a. ráðið því viðhorfi nefndarinnar, sem við kemur fram í þessari framvinduskýrslu, eins og hinni fyrri, að styrkleikakröfur til hinna ýmsu hluta sliks heildarkerfis beri að samræma, svo sem framastær kostur, þannig að bilanalíkur séu ekki að ráði meiri ná einum hluta þess en öðrum, og að allir landshlutar búi við svipað öryggi gegn bilunum.

Vegna mikilvægis skipulegs heildarkerfis þykir nefndinni rétt að fjalla hér nokkuð ítarlega og almennt um það mál.

Flutningskerfi fyrir raforku (og raunar dreifikerfi einnig, þótt um þau verði ekki rætt hér) eru að byggingu til með tvennu móti, geislakerfi eða möskvakerfi. Geislakerfin einkennast af því, að hver leiðsla gengur eins og geisli eða álma út frá orkuveri eða aðalspennistöð. Einstakir notendur eru síðan tengdir leiðslunum á þann hátt, að hver þeirra er aðeins tengdur einni leiðslu. Bili hún þeim megin við notandann, þaðan sem raforkan kemur, verður hann rafmagnslaus. Stundum nægir bilunthvar sem er á viðkomandi geisla eða álmu, til að notandinn verði rafmagnslaus.

Möskvakerfin einkennast hins vegar af því, að leiðslurnar eru tengdar saman á þann hátt, að þær myndi lokaðar lykkjur eða möskva. Samtengipunktarnir nefnast hnútapunktar. Bili leiðsla milli tveggja hnútapunkta, verða þeir notendur, sem tengdir eru hnútapunktunum, ekki rafmagnslausir, þar eð hnútapunkturinn er

áfram í straumsambandingegnum þær hliðar möskvans, sem heilar eru. Möskvakerfin geta verið ýmist lokuð eða opin, eftir því hvort leiðslurnar eru í venjulegum rekstri tengdar saman í möskva eða hvort svo er ekki, en unnt að gera það á svipstundu með rofa.

Geislakerfin hafa þann kost að vera ódýrari en möskvakerfin og einfaldari í rekstri. Megin galli þeirra er sá, að líkurnar á rafmagnsleysi eru miklum mun meiri en í lokuðu möskvakerfi. Í opnu möskvakerfi eru straumleysislikurnar oft svipaðar og í geislakerfi, en straumleysið stendur miklum munt skemur, þar eð einungis þarf að loka rofa á réttum stað, til að straumur komist á aftur. Að visu geta komið fyrir svo viðtækur bilanir í möskvakerfum, að til straumleysishljóti að koma í lengri tíma en þetta, en reynslan sýnir, að svölu viðtækur bilanir eru miklum mun sjaldgæfari en þær, er leiða til straumleysis í geislakerfum.

Lokuð möskvakerfi eru þannig öruggstu raforkukerfin; opin möskvakerfi ganga þeim næst, en geislakerfi eru öruggust. Einkum eru líkur til, að straumleysi standi miklu lengur í geislakerfunum en thinum, þann eð það þarf að gera við bilunina, áður en straumur kemst á aftur.

Flutningskerfi hér á landi eru enn að heita má eingöngu geislakerfi. Möskvakerfi er að skapast á Landsvirkjunarsvæðinu, eftir að seinni línan var lögð frá Búrfelli.

Annars er þróun flutningskerfanna mun skemmra á veg komin hér hjá okkur en í nágrannalöndunum. Ástandið nú einkennist af svæðisbundnum kerfum, flestum geislakerfum, að mestu án sam tenginga sín í milli. Eiginlegt landskerfi, svipað og í nágrannalöndunum, er enn ekkert til hjá okkur.

Horfur eru á því, að notkun raforku til hitunar húsa muni á næstu árum stóraukast í öllum þeim hlutum landsins, þar sem ekki er unnt að afla jarðhita til húshitunar á sæmilega hagkvæman hátt. Orkuþörf til húshitunar eru sem kunnugt eru mikil, borið saman við þörfina til annarra almennra þarfa. Rafhitunin reynir þannig mikið á raforkukerfin, bæði orkuver, flutnings- og

dreifikerfi, og gerir stórlegar auknar kröfur til afkastagetu þeirra. Rafhitun leiðir einnig til þess, að menn þola rafmagnsleysi enn verr en áður, sem hefur í för með sér miklu meiri kröfur en áður til öryggis raforkukerfanna.

Mjög er nú rætt um iðnvæðingu, er byggi á orkulindum landsins. Mikið af þeim iðnaði myndi nota raforku í stórum stíl. Sumar greinar hans eru mjög viðkvæmar gagnvart rafmagnstruflunum, eins og kunnugt er. Slik iðnvæðing gerir því miklar kröfur, bæði til afkastagetu raforkukerfisins og öryggis þess.

Bæði þessi atriði, sem nú voru talin, vaxandi notkun raforku til húshitunar og aukin iðnvæðing, kalla á stórlega efla og endurbætt raforkukerfi frá því sem nú er. Kröfur um öryggi gegn rafmagnsbilunum munu því aukast verulega frá því sem nú er viðast hvar á landinu. Þær verða einkum fólgunar í því, að ætlast verður til fullrar og óskertrar þjónustu, þótt fyrir komi bilanatilvik af algengustu gerði. Algengustu bilanatilvik í flutningskerfum eru tvímælalaust línubilanir, einkum vegna ísingar og hvassviðris. Vænta má, að gerð verði sú krafa, að notendur t.d. í þorpi eða kaupstað geti haft óskert raforkunot, þótt ein aðfærslulína bili. Það er mjög dýrt að halda uppi fullri þjónustu með varastöðvum, einkum ef hús eru rafhituð og orkufrekur iðnaður er mikill. Sem afleiðing af þessu hljóta möskvakerfi, lokað eða opin, að verða hið ráðandi form raforkukerfa framtíðarinnar, en geislakerfin að hverfa að mestu.

Þar eð hlutverk flutningskerfanna er að flytja raforku til notendanna, er augljóst, að það tvennt, sem mestu ræður um gerð þeirra, er stærð og staðsetning orkuveranna annars vegar og markaðs- eða notkunarsvæðanna hins vegar. Nú munum við íslendingar fyrst og fremst nota vatnsorku og að einhverju leyti jarðhita til raforkuvinnslu í framtíðinni, og hljóta því raforkukerfi okkar að ráðast af virkjunarmöguleikum annars vegar og búsetudreifingunni í landinu hins vegar.

Hagkvæm virkjunarskilyrði vatnsaflis er að finna í flestum - ef ekki öllum - hlutum landsins, þótt Suðvesturland og Austurland ráði yfir mestu vatnsafli að magni til, en þar á eftir Norðurland. Byggðardreifingin í landinu er hins vegar mun ójafnari,

eins og kunnugt er. Undanfarna áratugi hefur verið stöðugur straumur fólks til Suðvesturlandsins. Svo virðist sem flestir séu sammála um, að þessi þróun sé óæskileg, og svonefnd byggðastefna, þ.e. viðleitni til að jafna meira en verið hefur búsetu fólks í landinu hefur verið yfirlýst stefna stjórnvalda um langan alduru. Það er augljóst, að raforkukerfi landsins í framtíðinni hljóta mjög að móta stefnu því, hversu til tekst að framfylgja byggðastefnu í landinu. Á hinn bóginn getur hönnun og gerð raforkukerfanna haft nokkur áhrif á búsetudreifinguna. Raforka er orðin svo mikilvægur þáttur í lífi nútímannsins, að mismunur í aðstöðu til að nota hana getur haft umtalsverð áhrif á búsetu í landinu.

Ef gert er ráð fyrir, að byggðastefna stjórnvalda beri sémilegan árangur í framtíðinni, þannig að heistu byggðir hinna ýmsu landshluta a.m.k. haldin í horfinu frá því sem nú er, og ef jafnframt verðhaft í huga, að hagkvæmir virkjunarmöguleikar eru í flestum landshlutum, hljóta hinar vaxandi öryggiskröfur að leiða til þess, að komið verði á samfelldu flutningskerfi, er nær til landsinstalis, eins og raunin hefur orðið í öðrum löndum. Kostir slikrar samtengingar eru svo vel kunnir, að ekki er þörf að ræða þá hér. Innan ekki mjög langa tíma gæti þetta flutningskerfi litið þannig út:

Ný háspennulína hefur verið lögð frá Hrauneyjafossi að Grundartanga í Hvalfirði og nein eða jafnvel tvær línar milli Geitháls og Grundartanga. Þær síðast nefndu væru gerðar fyrir 220 kV spennu, en línan frá Hrauneyjafossi ef til vill fyrir 400 kV, og yrði hún þá fyrsta línan hér á landi með þeirri spennu. Flutningsgetahennar eru varla undir 800 MW, sem er mun meiri flutningur en þörf verður á í nálægri framtíð, og yrði því línan vantanlega rekint á 220 kV spennu í fyrstu. Kosturinn við að gera hana fyrir 400 kV er sá, að hækka má spennuna, þegar flutningsþörfin eykst í stað þess að leggja nýja línu. Óæskilegt er frá umhverfissjónarmiði, að allt of margar línar liggi frá Þjórsá og Hvítá hingað vestur að Faxaflóa, og ein 400 kV lína flytur á við 3-4 220 kV línar. Frá Grundartanga liggur byggðalinan norður um til Varmahlíðar, þar sem hún tengist við

nýlega lagða línu þaðan til Akureyrar. Báðar eru þær fyrir 132 kV spennu. Vegna Kröfluvirkjunar þarf að leggja 132 kV línu milli Kröflu og Akureyrar. Í lögnum um Kröfluvirkjun er gert ráð fyrir línu frá henni austur á Fljótsdalshérað. Spenna á þeiri línu getur ekki verið lægri en 132 kV með sæmilegu móti. Loks er þörf á að sjá Hornafirði og nálægum byggðum fyrir raforku til hitunar og annars. Verður það varla á annan hátt betur gert en með línlögn frá Héraði um Djúpavog til Hafnar í Hornafirði. Myndi sú lína þjóna sunnanverðum Austfjörðum auk Hornafjarðar.

Frá Hrútafirði liggur svo Vestfjarðalína til Króksfjarðarness, vætanlega um Dalitlogáfram vestur norðurströnd Breiðafjarðar til Mjólkárloga þaðan áfram til Ísafjarðarkaupstaðar, hugsanlega með sérstöku úttaki í Vatnsfirði fyrir suðurhluta Vestfjarða. Aðrar leiðir fyrir Vestfjarðalínu koma og til greina, svo sem rakið er annars staðar í þessari skýrslu.

Að undanteknum línum frá Hrauneyjafossi til Grundartanga og milli Grundartanga og Geithálss er allt það flutningskerfi, sem nú var rakið innan verkefnasviðs Raflínunefndar.

Þegar þetta kerfi er komið upp, virðast sterk rök hniga að því að loka beri hringnum um landið með línu frá Hornafirði sunnan jöklar vestur um lað Sigöldu, þar sem hún tengist Landsvirkjunarkerfinu. Með því væri komið á hringkerfi, með álmu út úr til Vestfjarða. Af þeim línum, sem verksvið nefndarinnar tekur til, þurfa allar að vera gerðar fyrir 132 kV spennu, nema línan frá Grímsá til Hornafjarðar, þar sem 66 kV myndi nægja, eft þarfir Hornafjarðar og nágrennis eru einar hafðar í huga. En fyrir hringkerfið kemur ekki lægri spenna til greina en 132 kV. Línan Grímsá - Hornafjörður fellur því á eðlilegan hátt inn í hringkerfi, ef hún er hönnuð fyrir 132 kV, annars ekki. Við lokahönnun hennar, sem er ekki langt undan, þarf því að vera búið að taka afstöðu til hugmyndarinnar um hringkerfið. Þetta er gott dæmi um nauðsyn þess að hugsa fram í tímann við hönnun línukerfa.

Þetta hringkerfi má síðan efla enn meir með línu milli Norðurlands og Suðurlands þvert yfir hálandið, líklega um Sprengisand. Eru þá í rauninni myndaðir tveir hringir eða möskvar. Þessi lína gæti líka komið, áður en hringnum er lokað með línunni sunnan jöklar, ef svo ber undir.

Lauslegt rissi að sliku landskerfi, sem væri réttnefni á sliku flutningskerfi, er nær til allra landshluta, er sýnt á fylgiskjali 11. Þar eru að auki sýnd frekari flutningskerfi innan einstakra héraða eða landshluta, svonefnd héraðskerfi, sem hér verða ekki rædd. Þau myndu fá orku sína ýmist beint frá orkuverum eða aðveitustöðvum á landskerfinu. Rissið fylgdi erindi Jakobs Björnssonar, orkumálastjóra, er hann flutti á miðsvetrarfundi SÍR í mars 1975.

Ef sleppt er í bílinu línunni yfir Sprengisand, má segja, að höfuðeinkenni þess meginflutningskerfis, sem hér var lýst, sé það, að það myndar lokaðan hring, möskva, er þræðir allar helstu byggðir landsins, með álmum út úr til Vestfjarða. Þótt möskvinn sé aðeins einn, hefur kerfið samt þann helsta kost möskvakerfa, að öryggi notenda þeirra er við það eru tengdir, er til muna meira en ef hringurinn væri ekki lokaður.

Athugað hefur verið, hvernig kerfi þetta (þ.e. án Sprengisandslínu) bregst við, ef einhver hlekkur þess bilar, t.d. línan milli Akureyrar og Varmahliðar; Kröflu og Akureyrar eða milli Laxárvatns og Hrútafjarðar. Niðurstöðurnar eru þær, að í öllum þessum tilvikum og fleirum sé alls staðar unnt að anna öllu því álagi, sem eðlilegt er að leggja á slikt kerfi, án hjálpar varastöðva. Notandinn ætti ekki að verða var við neitt annað en að ljós dofni rétt sem snöggvast, þótt hringurinn slitni á einum stað, sama hvar sá staður er.

Með sliku kerfi er því stigið stórt skref í áttina til þess að mæta þeim auknu öryggiskröfum, sem vænta má, að gerðar verði til raforkukerfa í framtíðinni.

Fróðlegt er að skoða flutningorkunnar um einstaka hluta kerfisins, bæði í venjulegum rekstri og eins ef bilanir verða.

Niðurstöður slikra orkuflutningsreikninga, er byggðar eru á tilteknum forsendum um álag og orkuver, eru sýndar á fylgiskjölum 12 - 14. Tölurnar tákna megawött, og örvarnar sýna stefnu orkuflutningsins. Á myndunum er kerfið sýnt bæði í venjulegum rekstri og við mismunandi bilanatilvik. Athyglisvert er, hversu orkuflutningur um einstaka kerfishluta breytist mikið frá einu bilanatilviki til annars, enda þótt álagið sé óbreytt og sömuleiðis vinnsla orkuveranna utan Suðvesturlands (Fyrir einfaldleika sakir er sleppt að sýna orkuflutninginn innan kerfis Landsvirkjunar). Þetta er einmitt til marks um sveigjanleika kerfisins og hæfni þess til að bregðast við margvislegum bilanatilvikum, án þess að þjónustan við notendur rýrni. Einmitt það er meginauðkenni möskvakerfa, og þeirra mikli kostur.

Eins og landskerfið er sýnt, nær meginmöskvinn ekki til Vestfjarða, en innan þess landshluta er þó sérstakur möskvi (Mjólká - Gemlufall - Ísafjörður - Skötufjörður - Mjólká). Verði línbilun einhvers staðar milli Hrútafjarðar og Mjólkár, eru Vestfirðir slitnir úr sambandi við meginlandið, og fullri raforku-notkun verður ekki haldið uppi nema með varastöðvum á Vestfjörðum.

Það er mikill kostur við hringkerfið, að línur þess þræða allar helstu byggðir landsins. Þær gegna því ekki aðeins því hlutverki að mynda þennan lokaða hring eða möskva, heldur geta þær jafnframt séð landssvæðum þeim fyrir raforku, er þær liggja um. Þannig getur línan frá Sigöldu austur með suðurströndinni flutt raforku í byggðir Vestur-Skaftafellssýslu og Öræfin, jafnframt því sem hún lokar hringnum. Þessu væri ekki svo farið, ef lína þessi lægi um óbyggt hálandi. Hér er um hið sama að ræða og bent var á sem mikinn kost við að leggja tengilínuna milli Norður- og Suðurlands um byggðir fremur en um Kjöl eða Sprengisand. Þetta gæti jafnframt verið röksemd fyrir því, að línuna frá Hornafirði sunnan jöklanna til Sigöldu ætti að leggja á undan línumni yfir Sprengisand. Hér er þó þess að gæta, að Sprengisandslinan getur orðið nauðsynleg snemma, ef veruleg stóriðja rís upp á austanverðu Norðurlandi eða í Eyjafirði; meiri en 132 KV kerfið ræður við.

Það er skoðun Raflínunefndar, að brýna nauðsyn beri til að hefja nú þegar markvissan undirbúning heildarkerfis, svipað og hér hefur verið lýst. Er vikið að því nánar í kaflanum um framtíðarverkefni aftar í þessari framvinduskýrslu.

8. Ísingarrannsóknir

Hámarksvindhraði og ísing skipta meginmáli varðandi styrkleikakröfur þær, sem hanna verður raflínur fyrir til að ná viðunandi öryggi. Nefndin hefur því lagt á það megináherslu að safna upplýsingum um þessa two veðurfarsþætti. Báðir þessir þættir, en einkum þó ísingin, eru mjög breytilegir eftir landshlutum, landslagi og veðurfari. Af þeim sökum hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að gera sér sem nánasta grein fyrir ísingu og hámarksvindhraða fyrir hvern einstakan línu af lafli fyrir sig og velja línuleiðir með það fyrir augum að forðast hættulega staði eftir föngum, fremur en að nota sömu hönnunarforsendur fyrir heila landshluta. Það myndi leiða til þess, að línu yrðu gerðar of veikar á sumum köflum, en óþarflega miklu til þeirra kostað á öðrum. Þetta hefur hins vegar þann vanda í för með sér, að þekkja verður eða áætla ísingu og hámarksvindhraða á hverjum stað línuleiðar.

Af þessum tveimur veðurfarsþáttum er til mikilla muna minna vitað um ísinguna. Er það óheppilegt, þar sem hún er enn breytilegri frá einum stað á landinu til annars en hámarksvindhraðinn, sem þó er æði breytilegur. Nefndin hefur því lagt á það áherslu að afla sem gleggstra gagna um ísingu á þeim línuleiðum, sem hún hefur fjallað um. Hér má til nefna:

1. Söfnun upplýsinga um ísingu í bilanatilvikum, sem orðið hafa á liðnum árum.
2. Mat sérfróðra manna og staðkunnugra manna.
3. Beinar mælingar á ísingu á völdum stöðum.

8.1 Söfnun upplýsinga um ísingu í bilanatilvikum

Til þess að safna upplýsingum um ísingu hefur nefndin skrifað rafveitum viðs vegar um land; virkjunarfyrirtækjum og Pósti og síma. Því miður reyndist mjög lítið um glöggar talnalegar upplýsingar í þeim bilanaskýrslum, sem nefndin hefur fengið vitneskju um.

Þó hafa skýrslur þessar, einkum frá Rafmagnsveitum ríkisins, orðið að verulegu gagni. Nefndin fékk þá Flosa Hrafn Sigurðsson og Eirík Sigurðsson, veðurfræðinga, til að kanna þessi gögn og meta þær upplýsingar um hámarksvindhraða og ísingu, sem í þeim er að finna.

8.2 Mat sérfróðra manna og staðkunnugra

Snemma í starfi sínu komst nefndin að því að í Noregi hefur um alllangt skeið tiðkast athyglisvert samstarf línuverkfræðinga og veðurfræðinga við ákvörðun á hönnunarforsendum fyrir línum þar í landi og val á línuleiðum. Leitaði nefndin fljótlega til Norges Vassdrags- og Elektrisitetsvesen, Statskraftverkene og veðurfræðings, sem lengi hefur starfað með norscum verkfræðingum að þessum málum. Svo sem rakið er í fyrstu framvinduskýrslu nefndarinnar, komu þeir Rolf Johnsen, yfirverkfræðingur frá Statskraftverkene og Håkon Råstad, veðurfræðingur, hingað til lands vegna þessara mála. Ennfremur fékk nefndin verkfræðifirmað Tron Horn A/S í Oslo sér til aðstoðar við hönnun byggðalinu. Af þessum samskiptum við hina norsku sérfræðinga hefur nefndin kynnst því, hvernig Norðmenn fara að því að meta ísingu á háspennulinum; hvernig þeir skipuleggja söfnun upplýsinga um ísingu í bilanatilvikum; hvernig þeir haga beinum mælingum og rannsóknum á ísingu.

Þá hefur á vegum nefndarinnar í tilraunaskyni verið leitað til bænda í nágrenni línuleiðar, sem hún hefur til athugunar, með fyrirspurnir um ísingu, hvassviðri og tjón af þeirra völdum, snjóalög og snjóflóðahættu. Hafa ýmsar gagnlegar upplýsingar þegar borist.

8.3 Ísingarmælingar

Þar eð mjög lítið er um talnalegar upplýsingar í bilanaskýrslum rafveitna og öðrum gögnum um ísingu, þótti nefndinni nauðsyn bera til að koma á fót beinum mælingum á ísingarmagni. Þetta var gert annars vegar með mönnuðum stöðvum og hins vegar með tilraunaspennum, búnum kraftmælum, og ísingargrindum.

8.3.1 Nýibær og Sandbúðir

Svo sem rakið er í fyrri framvinduskýrslu, beitti Raflínunefnd sér fyrir því, að komið var á fót mannaðri veður- og ísingarstöð á brún Eyjafjarðardals í nóv. 1972. Stöðin fékk nafnið Nýibær og var starfrækt í tæpt ár, en haustið 1973 var hún flutt suður á Sprengisand, skammt norðaustur af Fjórðungsvatni, í 821 m hæð yfir sjó (hnattstaða $64^{\circ}56'N$ og $17^{\circ}59'W$), þar sem hún hefur verið rekin síðan. Þessi nýja stöð fékk nafnið Sandbúðir.

Niðurstöður mælinga í Nýjabæ sýndu, að þar er um mjög verulega ísingarhættu að ræða. Þetta var ein meginástæðan til þess, að línuleiðin niður í Eyjafjarðardal þótti óráðleg fyrir fyrstu tengilínuna milli Norðurlands og Suðurlands, en áður var það einmitt sú leið, sem gert var ráð fyrir í flestum hugmyndum um samtengingu þessara landshluta. Þetta var jafnframt ástæðan til þess, að líklegt þótti, að önnur leið yrði frekar fyrir valinu fyrir tengilínu yfir hálendið, sem menn eru sammála um, að þörf verði fyrir síðar meir. Því þótti rétt að flytja stöðina á einhvern þann stað, þar sem athuganir kæmu að verulegu gagni við hönnun slikrar línu. Langlíklegast er, að slik tengilína yfir hálendið verði lögð um Sprengisand, og réði það staðsetningu Sandbúða. Þá var jafnframt haft í huga, að ísingarathuganir á veðurstöðinni á Hveravöllum, sem upp voru teknar að frumkvæði nefndarinnar, myndu nýtast, ef hálendislinan yrði lögð um Kjöl, enda þótt Hveravellir séu ekki mjög áveðra gagnvart ísingu.

Athuganir í Sandbúðum benda til, að ísingarhætta sé þar mun minni en í Nýjabæ.

Ráðgert er, að síðar verði gerð sérstök skýrsla um niðurstöður mælinga í Nýjabæ og í Sandbúðum.

Auk ofangreindra mannaðra athugunarstöðva (Nýibær, Sandbúðir, Hveravellir) hafa ísingarathuganir verið gerðar að frumkvæði nefndarinnar við Sigöldu, fyrir atbeina Landsvirkjunar.

8.3.2 Tilraunaspenn og ísingargrindur

Auk mönnuðu stöðvanna, sem af kostnaðarástæðum verður að takmarka mjög, hefur nefndin beitt sér fyrir því, að komið hefur verið upp tilraunaspennum og ísingargrindum á ýmsum þeim línuleiðum, sem helst hafa verið og eru á dagskrá. Tilraunaspennin eru gerð á þann hátt, að vírar eru strengdir milli stólp, gjarnan í tvær eða þrjár mismunandi áttir, þannig að samanburður fæst milli átta. Við vírana eru tengdir kraftmælar, sem sýna áraunina á víninn á hverjum tíma og mestu áraun frá síðasta álestri. Með því að vitja mælanna með vissu millibili, fæst á þennan hátt nokkur vitneskjum, hvaða áraun megi búast við á línu á þeim stað. Ókostur er það við tilraunaspennin, að þau gefa aðeins heildaráraun, en greina ekki milli áhrifa winds og ísingar.

Ísingargrindurnar hafa það hlutverk að safna á sig ísingu, sem mæld er, þegar komið er að þeim. Grindur þessar gefa mun ófullkomnari vitneskjum tilraunaspennin, þar eð þær geyma ekki upplýsingar lengur en ísingin tollir á þeim, en hámarksvisar kraftmælanna sýna mestu áraun frá síðustu athugun.

Áförmáð er að setja nokkur ný tilraunaspenn nú á næstunni á línuleiðir til Vestfjarða og Austurlands.

8.4 Gagnasöfnun um ísingu í framtíðinni

Nefndin hefur rætt á hvern hátt helst sé hægt að bæta gagnasöfnun um ísingu í framtíðinni. Hefur hún í því sambandi skrifað Iðnaðarráðuneytinu bréf, dags. 20.05.74, sem hér fylgir með sem fylgiskjal 10. Ær þar lagt til, að ráðuneytið hlutist til um það við eigendur raflína, að þeir láti mæla og skrá ísingu í bilanatilvikum og eftir því sem við verður komið þegar hennar verður vart endranær. Skýrslurnum mælingar þessar verði sendar Orkustofnun til úrvinnslu og varðveislu. Nefndin telur, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða í sambandi við hönnun og öryggi háspennulína í framtíðinni.

8.5 Samvinna við Norðmenn um ísingarrannsóknir

Á vegum Norges Vassdrags- og Elektrisitetsvesen; norsku veðurstofunnar og fleiri aðila er nú unnið að athyglisverðum rannsóknum á ísingarmyndun í Noregi. Hefur m.a. verið komið á fót tveimur mönnuðum athugunarstöðvum sérstaklega í þessu skyni, auk þess sem ísing eru athuguð á nokkrum veðurathugunarstöðvum. Við undirbúning athugunarstöðvanna í Nýjabæ og Sandbúðum naut Raflínunefnd fyrirgreiðslu þessara norsku aðila; fékk m.a. hjá þeim skýrslur og eyðublöð, sem nefndin studdist við, er hún skipulagði athuganirnar hér. Norðmenn vinna einnig að því að gera stærðfræðilegt líkan af myndun ísingar á línum, er tengi saman ísingu og veðurfarsþætti, þannig að betri grundvöllur skapist til að áætla ísmyndun út frá vitneskju um veðrið. Líkanið verður sannreynt með mælingum þeim, sem gerðar eru í athugunarstöðvunum.

Nefndin telur, að tilraunir þessar séu hinari merkustu. Enda þótt þess sé varla að vænta, að unnt verði beinlinis að reikna út ísingarmyndun fyrirfram, er líklegt, að hafa megi verulegt gagn af svona stærðfræðilegu líkani. Í viðræðum, sem nefndin hefur átt við Norðmenn um þetta, hefur sú hugmynd komið fram, að samvinna verði tekin upp um ísingarrannsóknir. Þar eð veðurfar hér á landi er að ýmsu leyti frábrugðið því, sem er í Noregi, myndi það auka gildi líkansins að reyna það einnig á ísingar- og veðurgögnum héðan. Heppnist líkanið vel og hafi það verið

sannreynt á gögnum héðan, getur það komið að verulegum notum við að áætla ísingu á línuleiðum hér á landi.

Komið hefur til tals, að Raflínunefnd skryppi til Noregs og kynnti sér rannsóknir þessar nánar. Af því hefur enn ekki orðið, en nefndin er þeirrar skoðunar, að slik ferð gæti orðið mjög gagnleg.

9. Yfirlit yfir núverandi verkefni Raflínunefndar og tillögur um ný verkefni

9.1 Yfirlit yfir stöðu núverandi verkefna

Svo sem fram kemur hér að framan, standa verkefni þau, er Raflínunefnd voru fálin, með bréfi Iðnaðarráðuneytisins, dags.

17.12.73, nú þannig í meginindráttum:

Lokið er mælingu fyrir línu frá Hornafirði í Berufjarðarbotn og jarðvegsathugun á þeirri leið. Vegna þess að til greina þótti koma að velja línunni leið eftir svonefndum Starmýrar-fjörum, var sett þar upp tilraunaspenn.

Samin hefur verið greinargerð, þar sem dregin er saman tiltæk vitneskja um veðurfars- og ísingaraðstæður á þessari leið, til notkunar við að ákvarða hönnunarforsendur. Línuleið þessi hefur verið kynnt Náttúruverndarráði, Pósti og síma og Vegagerð. Safnað hefur verið heimildum landeigenda til línulagnar á kaflanum Höfn - Berufjarðarbotn. Línuleið hefur verið valin allt norður í Grímsárvirkjun.

Línuleið frá Grímsá að væntanlegum virkjunarstað í Fljótsdal hefur verið rædd við staðkunnuga heimamenn og rafveitustjóra Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi og ábendingar fengnar frá þeim.

Línuleið frá Kröflu til Akureyrar hefur verið rædd við framkvæmdastjóra Laxárvirkjunar og rafveitustjóra Rafmagnsveitna

ríkisins á Norðurlandi. Eftir þær viðræður var í samráði við Samúel Ásgeirsson, verkfræðing hjá Rafmagnsveitunum, valin leið milli Kröflu og Akureyrar til nánari hönnunar. Bændum í nágrenni þeirrar leiðar hefur verið skrifað og þeir beðnir um upplýsingar um veðurfar og ísingi, sem þeir kynnu að hafa. Svör hafa þegar borist við þeirri fyrirspurn. Leiðin hefur verið kynnt Náttúruverndarráði af Rafmagnsveitunum, og þær hafa leitað umsagnar Vegagerðar og Pósts og síma.

Nefndin hefur unnið að heildarskipulagningu línulagna í nágrenni Kröflu, í því skyni að forðast ísingarhættu frá gufuútblæstri úr kæliturnum Kröfluvirkjunar, og með tilliti til umhverfissjónarmiða. Búast má við, að margar línu mætist við Kröflu í framtíðinni og því nauðsynlegt að hafa tiltækt heildarskipulag strax í upphafi.

Könnun á línuleið milli Kröflu og Austurlands stendur yfir, og mæling á henni er áformuð í sumar.

Nefndin hefur gert tillögur um hönnunarforsendur fyrir línu-kaflann Mjólká - Gemlufall með það fyrir augum, að hann verði hluti væntanlegrar Vestfjarðalínu.

Hún hefur rætt leið Vestfjarðalínu, frá Hrútafirði til Ísafjarðarkaupstaðar, við rafveitustjóra Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum og við fyrrverandi yfirverkstjóra línuðeildar þeirra, Guðmund Hannesson. Í samráði við nefndina komu Rafmagnsveiturnar upp tilraunaspenni á einum stað á Vestfjörðum í fyrrasumar, en nefndin lagði til kraftmæla í það og mun vinna úr niðurstöðum.

Ýmsar leiðir fyrir Vestfjarðalínu hafa verið ítarlega ræddar og leiðir valdar til nánari könnunar.

Í álitsgerð sinni um val línuleiðar milli Norðurlands og Suðurlands var það mikilvægt atriði í vil byggðaleið, að hún auðveldaði mjög tengingu Vestfjarða.

Haldið hefur verið áfram ísingarathugunum á Miðhálendinu vegna línulagna þar síðar.

9.2 Næstu áfangar í störfum Raflínunefndar

Það, sem næst liggur fyrir í verkefnum nefndarinnar, er:

Að taka lokaákvörðun um hönnunarforsendur
fyrir línu milli Kröflu og Akureyrar

Að velja endanlega línuleið og mæla langsnið
af línummi Krafla - Akureyri, og frá Kröflu til
Austurlands og gera jarðvegskönnun á sömu leiðum.

Að ljúka langsniðsmælingu og jarðvegsathugun úr
Berufjarðarbotni að Grímsá.

Að setja tilraunaspenn og ísingargrindur á
linuleið frá Grímsá um Fljótsdal að Kröflu.

Að velja línuleið Vestfjarðalinu og hefja
mælingu á lengdarsniði og jarðvegskönnun.

Að ákveða hönnunarforsendur fyrir línu kaflann
Gemlufall - Ísafjörður.

9.3 Tillögur um ný verkefni

Með vísun til kaflans um heildarkerfi hér að framan sýnist
augljóst, að ýmis verkefni séu framundan í línumálum hér á landi
í nálægri framtíð. Er þar um að ræða sams konar verkefni og þau,
sem Raflínunefnd hefur fjallað um. Til að tryggja innbyrðis
samræmi í heildarkerfinu varðandi rekstur og öryggi gegn bilunum
virðist nauðsynlegt, að einn aðili geri tillögur um leiðir og
hönnunarforsendur fyrir allar þessar aðalorkuflutningslinur, á
sama hátt og einn aðili fjallar um öryggis- og reglugerðarmál
varðandi háspennulinur.

Sýnast því mörg rök hniga að því, að nefndinni verði falið til
viðbótar þeim verkefnum, sem hún nú hefur, að hefja öflun grund-
vallarupplýsinga og tillögugerð um hönnunarforsendur og línu-
leiðir fyrir eftirtaldar línur, sem bersýnilega getur orðið
þörf fyrir í nálægri framtíð:

- 9.1 Lína yfir hálendið, frá Sigöldu eða Hrauneyjafossi, til Kröflu og Dettifoss eða Akureyrar.
- 9.2 Lína frá Hrauneyjafossi að Grundartanga í Hvalfirði, þar sem hluti orkunnar yrði notaður, en afgangurinn færi bæði um línumaþaðan til Reykjavíkur og um byggðalinu til Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands.
- 9.3 Lína frá Hornafirði vestur með suðurströndinni að Kirkjubæjarklaustri og þaðan fjallabaksleið að Sigöldu.

Enda þótt þessar línum séu nokkur ár frammi í tímanum, telur nefndin ekki of snemmt að hefja undirbúning þeirra. Reynslan af þeim verkefnum, sem hún hefur nú með höndum, sýnir ljóslega, að tíminn til að vinna að þeim hefur verið skemmri en æskilegt væri. Framkvæmdirnar eru á hælum okkar, og oft reynist tíminn mjög naumur til lokahönnunar, efniskaupa og undirbúnings-framkvæmdar. Þetta leiðir óhjákvæmilega til annars tveggja, að hönnunarforsendur eru ákveðnar strangari en kynni að vera nauðsynlegt, ef meiri vitneskja um ísingu og vindhraða væri fyrir hendi og línum þar með gerð dýrari en vera þyrfti, eða til þess, sem alvarlegra getur reynst, að öryggi gegn línubilunum er ófullnægjandi. Hér verður að muna eftir því, að kröfur til öryggis raforkukerfa munu fara vaxandi í framtíðinni.

Að endingu skal bent á, að nefndinni getur verið mjög gagnlegt að hafa samstarf við erlenda aðila, er vinna að sams konar málum, einkum ísingarrannsóknunum. Sérstaklega gæti verið gagnlegt að hafa nokkuð náið samstarf við Norðmenn þá, er vinna nú að gerð líkans fyrir ísingarmyndun, sem vikið er að hér að framan.

Fskj. 1



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOÐI REYKJAVÍK

Raflínunefnd
c/o orkumálastjóri
Jakob Björnsson
Orkustofnun
Laugavegi 116

TILV. RÁÐUNEYTIS

I/031.2

DAGS.

17.12.1973

Með því að ráðuneytinu er kunnugt um að nefndin er nú að ljúka þeim störfum sem henni var falið með skipunarbréfum, dags. 19. júní 1974 og 8. febrúar 1973, telur ráðuneytið rétt að nefndin haldi áfram störfum.

Þau verkefni sem ráðuneytið vill fela nefndinni eru þessi:

1. Að kanna aðstæður til raflínulagna frá Akureyri um Kröflusvæði og Egilstaði til Hafnar í Hornafirði.
2. Að kanna aðstæður til línulagna er tengi Snæfellsnes og Vestfirði við aðallínukerfi landsins.

Magnús Kjartansson

Áni Guðrún

Iðnaðarráðuneytið

ARNARHVOLI

JH/ag

27. des. 1973.

MORSURLÍNA, SAMANBURSUR Á LEIÐUM

Vinnuhógar um háspennulína milli Norðurlands og Suðurlands hefur gert samanburá á stofnkestnasi 132 kV háspennulína milli Norðurlands og Suðurlands eftir neðantöldum leiðum:

1. Byggðaleið, frá Grundartanga á norðurströnd Eivalfjarðar að Varmahlíð, 223 km.
2. Kjalleið, frá Sigöldu að Varmahlíð, 163 km.
3. Eyjafjarðarleið, frá Sigöldu til Akureyrar, 186 km.

Að vissum stigum athugunarinnar var fjórða leiðin, frá Sigöldu um Bárðardal til Akureyrar, 230 km, einnig með í samanburðinum. Þún þótti hafa fessa ókosti umfram allar hinur, svo sem þann, að með því móti fengi allt Norðurland raforku adeins úr einni átt, að austan, en því fylgir minna óryggi en örkuflutningi úr tveimur áttum. Þún þótti ekki hafa þá kosti til að bera, er vugju þennan dkoest upp. Var henni því aleyppt úr samanburðinum, svo sem hinu hér ráðuneyti var gert græn fyrir í minnispunktum vardandi samtagingu Norður- og Suðurlands frá 15. maí 1973.

Hinnig hafði hópurinn um skeið til athugunar 220 kV línu milli landshlutanna. Svo sem rakið var í áðurnefndum minnispunktum, er slik lína það dýr, að hagkvæmum er að leggja fyrst 132 kV línu, nema þórf verði fyrir 220 kV línu innan 5 ára frá því að 132 kV línan er lögð. Niðað við tímasetninga tengilinunnar (1974-75) annars vegar og mögulegra stórvirkjana (100 MW eða meir) á Norðurland hins vegar, eru nauðast nokkrar líkur til sliks. Var því 220 kV línan felld úr samanburðinum, en rannsóknun á hálandinu hins vegar haldid ófrem til þess að búa í hagið fyrir línlögn þar síðar.

Svo sem hinu hér ráðuneyti var skýrt frá í framvinduskýrslu vinnuhópsins frá 28. júní 1973, hefur hann látið vinna að frumbónum línu eftir framangreindum þremur leiðum við missunandi álagaforsendur og frumástlunum um línskestnæð. Samtímis þessu hefur hópurinn svott mjög ítarlega hverjar álagaforsendur að skynselegt að leggja til grundvallar línskefnunum á þessum leiðum og einstökum hlutum þeirra.

Til viðbótar kostnaði við sjálfar línurnar kemur kostnaður við endabúnað sem hefur verið áætlaður sem hér segir á verðlagi í des. 1973:

Byggðaleið:

220/132 kV spennistöð í Hvalfirði 1 x 50 MVA	59 Mkr.
132/66 kV spennistöð á Norðurlandi vestra, 1x15 MVA	35 -
132/66 kV spennistöð á Akureyri, 2x25 MVA	<u>71 -</u> 165 Mkr.

Kjalleið:

220/132 kV spennistöð við Sigöldu, 1x50 MVA	56 Mkr.
132/66 kV spennistöð á Norðurlandi vestra, 1x15 MVA	35 -
132/66 kV spennistöð á Akureyri 2x25 MVA	<u>71 -</u> 162 Mkr.

Eyjafjarðarleið:

220/132 kV spennistöð við Sigöldu 1x50 MVA	56 Mkr.
132/66 kV spennistöð á Akureyri 2x25 MVA	<u>71 Mkr.</u> 127 Mkr.

Heildarkostnaður línu eftir mismunandi leiðum er áætlaður sem hér segir, á verðlagi í des. 1973

	<u>Án spenni- stöðva</u> <u>Mkr.</u>	<u>Með spenni- stöðvum</u> <u>Mkr.</u>
Byggðaleið, Hvalfjörður-Varmahlíð	594	759
Kjalleið, Sigalda-Varmahlíð	527	689
Eyjafjarðarleið, Sigalda-Akureyri	621	748

Hér er ekki um endanlega kostnaðaráætlun að ræða, þar eð loka-hönnun hefur enn ekki farið fram. Henni er fyrst og fremst ætlað að bera saman línuleiðirnar kostnaðarlega séð og auðvelda val milli þeirra. Lokahönnun verður síðan gerð fyrir þá línuleið, sem endanlega verður valin.

Ef byggðaleið er valin, er rétt að gera ráð fyrir spennistöð nálegt Andakilsárvirkjun innan fárra ára af sömu gerð og á Norðurlandi vestra. EKKI BYKIR SAMT RÉTT AÐ LÁTA HANA HAFNA ÁHRIF Á SAMANBURÐ LEIÐA, ÞAR ÓÐ ANDAKILSSVÆÐIÐ ER NÚ LEGAR Í TENGSLUM VIÐ LANDSVIRKJUN MEÐ 66 KV LÍNU (AKRANESLÍNU).

Sér er við það miðað, svo sem að framan segir, að byggðalinan liggi frá norðurströnd Hvalfjarðar. Er þá gert ráð fyrir, að þangað komi samtímis 220 kv lína vegna íðjuvers þar. Ef þetta íðjuver verður ekki reist í náinni framtíð, verður byggðalinan að liggja að Sogi. Við það lengist hún um nál. 20 km, og kostnadrur við hana hækkar um allt að 50 Mkr. Á mótí kemur, að endabúnaður yrði ódýrari viðSSog en í Hvalfirði, þannig að netto yrði kostnadráaukinn ca. 30 Mkr.

Ofangreindur samanburður sýnir, að Eyjafjarðarlinna er dýrari en Kjallina. Þin fyrnefnda hefur þann einn kost umfram hina að orkuflutningastöð verða nokkru minni. Þessi kostur bykir þó hvergi nerri vega upp kostnadráumuninn. Viðhald er ventanlega örðugra á Eyjafjarðarleið en á Kjalleið, og lagning línumunnar sömuleiðis. Kjalleið gefur Norðurlandi vestra að auki möguleika á raforku úr tveimur áttum og þar með meira rekstraröryggi en Eyjafjarðarleið. Að þessu athuguðu bykir mega útileika Eyjafjarðarleið úr samanburðinum.

Þá er aftir samanburður á byggðaleið og Kjalleið. Þar er stofn-kostnadráumur nokkur Kjalleið í vil, og talsverður ef byggðalína þarf að liggja frá Sogi. Á mótí koma ýmsir veigamiklir kostir byggðaleiðar umfram Kjalleið:

1. Viðhald línumunnar er auðveldara ef hún liggur um byggðir en um Kjöl, og viðgerð bilana tekur skemmi tíma þar.
2. Lagning línumunnar á þeim skamma tíma sem er til stefnu er auðveldari um byggðir.
3. Með byggðalínu eiga Húnavatnssýslur, til Viðbótar Skagafirði og Eyjafirði, kost á raforku úr tveimur áttum, og þar með meira rekstraröryggi.
4. Byggðalína gefur úttaksmöguleika í Hrútafirði til tengingar við Dalí og Vestfjarðakjálkann. Stla má, að þórf verði fyrir slika tengingu innan fárra ára.
5. Byggðalína veitir Borgarfjarðar- og Snæfellsnes-svæðinu aukið óryggi gegn fafmagnsleysi ef sstrengr yfir Hvalfjörð bilar.
6. Síðar meir, þegar 220 kv tenging milli Norðurlands og Suðurlands yfir hálandið kemst á eru lítil not fyrir 132 kv línu um Kjöl. Slik lína um byggðir gegnir hins vegar áfram mikilvægu hlutverki fyrir þau hérað sem við hana eru tengd.

Auk hærri stofnkestnadar hefur byggðalinnan þenn helsta galla að orkuflutningstöp eru þar meiri en á Kjallaleið, sem því svarar er hún er lengri.

Að þessu athuguðu telur vinnuhópurinn að velja beri byggðaleið.

Á síðastliðnu sunxi lét vinnuhópurinn mæla línumleið um byggðir frá Hvalfjörði í Varmahlíð. Þinnig var kannæf námar línumleiði um Kjöl, en þó ekki mælt. Þett hefur verið við landeigendur á byggðaleið norden Holtavörðuheiðar og fengið skriflegt samþykki flestra þeirra fyrir línumlögn yfir lönd sín, ef til kemur.

Vinnuhópurinn telur aðkallandi að taka nú endanlega ákvörðun um línumleiðina. Jafnframt þarf að fela ákveðnum aðila línumlögnina, og sé aðili að hefja lokahönnun og undirbúning efniskaupa og framkvæmda.

Þar að framtíðarskipan á óflun og flutningi raforku í landinu er ennpá í deiglunni, telur hépurinn, að varla sé um annað að reða en að ríkið sjálft leggi þessa línu og sjái um rekstur hennar fyrst um sinn. Sýnist þá ódilegt, að Rafmagnsveitum ríkisins verði falið að leysa þá verk af hendi fyrir ráðuneytið.

Sökum þess að línumlögn þessi er nauðast í verkahring Rafmagnsveitnanna samkvæmt lögum, vari ef til vill heppilegt að fela sérstakri byggingarnefnd yfirstjórn framkvæmdanna, í umbodi ráðuneytisins. Þyrfти þá að ráða nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra, er hefði á hendi daglega stjórn verksins.

Svo sem vikið er að hér að framan, er lokahönnun línumnar enn eftir. Eskilegast er að geta falið þetta verk íslenzkum ráðgjafaverkfraðingum. Plestir þeirra eru störfum hlaðnir, og fáir þeirra hefa miklu reynslu í hönnun slikra háspennulína, sem hér um ráðir. Sökum þess að mjög nauður tími er til stefnu, getur orðið nauðsynilegt að leita einnig til erlendra ráðgjafaverkfraðinga með reynslu á þessu svíci og megan vinnukraft til að ljúka hönnuninni á þeim skamma tíma, sem til ráðstófunar er.

Til þess að auðveldu starf ventanlegrar byggingarnefndar og spara tíma og fyrirhöfn við lokahönnun, er heppilegt, að vinnuhópurinn sé heinni og ráðgjafaverkfraðingu, er vinna að lokahönnun, til ráðuneytis og aðstöðar, einkum varðandi hönnunarforsendur. Með því er og tryggt nauðsynilegt samhengi milli undirbúnings og framkvæmdar.

Að endingu vill vinnuhópurinn vekja athygli á, að tímabert er orðið að taka til athugunar fyrirkomulag á viðskiptum við Landsvirkjun með orku þá, er flutt verður norður um línum.

Allra virðingarfyllist,

Byggðalína
09.04.74

ÁLAGGSFORSENDUR
SÁ/álp

	km.	Max vindur m/sek.	Max ísdíam. sm.	Vindálag íslausan leiðara kp/lm.	Vindur á ísiagðan leiðara m/sek.	Tilheyr. ísdíam. leiðara kp/lm.	Vindálag ísiagða leiðara kp/lm.	Tilh. löðs álag frá íslagda leiðara kp/lm.
Upp Vatnsskarð	0- 7.0	46	3.174	32	8,0	3.072	4.702	
Niður Vatnsskarð	7.0- 12.7	52	4.056	38	10,0	5.415	6.822	
	12.7- 14.5	46	3.174	38	6,0	3.249	3.087	
	14.5- 16.5	46	3.174	38	6,0	3.249	3.087	
	16.5- 20.0	46	3.174	38	6,0	3.249	3.087	
	20.0- 26.0	46	3.174	32	7,0	2.688	3.818	
	26.0- 40.4	48	3.456	36	8,0	3.888	4.702	
	40.4- 94.4	48	3.456	38	6,0	3.249	3.087	
Hrútafjarðarháls	94.4-101.3	52	4.056	42	6,0	3.969	3.087	
Hrútafjörður	101.3-118.1	48	3.456	38	6,0	3.249	3.087	
Upp Holtavörðuh.	118.1-126.6	52	4.056	38	8,0	4.332	4.702	
	(126.6-135.5)	56	4.704	42				
Alt meðf. vatni	126.6-135.5	54	4.374	40	12,0	7.200	3.414	
Niður Holtavörðuh.	135.5-145.6	46	3.174	36	7,0	3.402	3.818	
Alt. Olavs Vist	135.5-144.1	50	3.750	36	7,0	3.402	3.818	
	144.1-145.6	46	3.174	36	6,0	2.916	3.087	
	145.6-157.8	44	2.904	32	6,0	2.304	3.087	
Grjótháls	157.8-161.3	52	4.056	38	10,0 ^{x)}	5.415	6.822	
	161.3-200	46	3.174	38	6,0	3.249	3.087	
Hafnarfjall	200 -208	56	4.704	44	6,0	4.356	3.087	
	208 -226	48	3.456	36	7,0	3.402	3.818	

Formstuðul 1 : 1.0 fyrir íslausan vir
0.6 fyrir ísiagðan vir
Eðlisþýnd íss 0,75 kp/dm³

x) Lækkar ef línumleið verður breytt.

Kraftledninger
Transformatorstasjoner
Nettplanlegging
Nettanalyse
Oppgradering
Anleggskontroll
Landmåling

TRON HORN A/S

RÅDGIVENDE INGENIØRFIRMA
BYGGETEKNIKK - ELEKTROTEKNIKK
Ansvarlig leder: Sivilingeniør Tron Horn

Medlem av
Den norske Ingeniørforening - Rådgivende ingeniørers Forening
Norsk elektroteknisk Forening - Norske elektrisitetsverkers Forening
Conférence Internationale des Grands Réseaux Électriques

Drammensveien 40
Sentralbord 4479 40
Postboks 2525, Solli
Oslo 2

Generaldirektør Jakob Bjørnsson
ORKUSTOFNUN
Laugarvegur 116
Reykjavik
Island

Oslo, den 10. mai 1974

Deres ref.:

Vår ref.: 823-TH/tf
(Bes vennligst oppgitt)

Dimensjoneringsgrunnlag og sikkerhetsfaktorer 132 kV kraftledning Nord-Syd-Island

Det henvises til Deres telegram av 8.ds samt vårt sålydende svartelegram av 9.ds:

"Vi anbefaler sikkerhetsfaktor 1,8 tilsvarende tillatt bøyepenning 278 kg/cm^2 for trestolper stopp Ved stålmaster på samme sted ville vi anbefale sikkerhet 1,3 mot flytning stopp Brev følger."

Av Deres telegram fremgår at hyppigheten av maksimal vind ansees av størrelsesorden 40-50 år og kombinasjonen vind på isbelagte liner muligens opptrer en gang pr. 10-30 år.

Ut fra dette er de oppgitte maksimale vindhastigheter på bar line av liten interesse sammenlignet med vind på isbelagt line som kan opptre så hyppig som en gang hvert 10de år. Hvis sistnevnte belastningstilfelle ville oppetre bare en gang hvert 30de år, hadde vi sannsynligvis anbefalt en tillatt bøyepåkjenning på trestolper = 400 kg/cm^2 som tilsvarer en sikkerhetsfaktor = 1,25.

De foran angitte sikkerhetsfaktorer refererer seg til et bruddkriterie på 500 kg/cm^2 , noe vi synes det er fornuftig å regne med. (Som kjent refererer norske forskrifter seg til et bruddkriterie på 560 kg/cm^2 idet kravet er sikkerhetsfaktor = 3,5 med tillatt bøyepåkjenning 160 kg/cm^2 . Denne norske bestemmelse mener vi er foreldet idet den går helt tilbake til normene av 1928 og på den tid ble det sannsynligvis tatt hensyn til en forholdsvis stor "spredningsfaktor" i materialkvaliteten. Til orientering kan nevnes at det hos oss i løpet av de siste år har vært oppe drøftelse å redusere den foran nevnte sikkerhetsfaktor på 3,5 uten at det foreløpig er kommet til noe resultat). Vår mening er at om man i et ekstremt tilfelle får hvert 30de år bøyepåkjenning opptil 400 kg/cm^2 vil det ikke føre til stolpebrudd såfremt nuværende krav til trestolpemateriale overholdes og montasjen er forsvarlig utført.

./.

Dimensioneringsgrunnlag og sikkerhetsfaktorer

Når vi således har anbefalt en sikkerhetsfaktor på 1,8 på bruddskriterie 500 kg/cm^2 d.v.s. tillatt bøyepåkjenning på 278 kg/cm^2 som kan opptre hvert 10de år, mener vi man er på den sikre side.

"

Ved å benytte en sikkerhetsfaktor = 1,8 på trestolpene har vi sammen med Deres sivilingeniør Asgeirsson prosjektert og foretatt "EDB-program-kjøring" med forskjellige spennvidder på lengdeprofilet på en strekning av ca. 10km hvor bl.a. kravet er 38 m/sek vind samtidig med 6 cm isdiameter (3,2 kg/m vindtrykk). Resultatet viser at ved spennvidder på 150-180 m vil det stort sett bli nødvendig med dobbelte stolper i hvert masteben for å unngå enkeltstolper som krever spesielt stor jordbåndsdiameter og som er forholdsvis kostbare, både i innkjøp, transport og montasje.

For å sammenligne disse resultater har vi funnet frem spesifikasjonene for 132 kV kraftledningen Adamselv-Lakselv i Finnmark i Norge som er under bygging. Det viser seg at på de mest ekstreme seksjonene på denne linje blir det benyttet dobbelte trestolper i hvert masteben og med samme dimensjoner som for Deres linje Nord-Syd-Island.

Som De sikkert forstår er det vanskelig for oss å vurdere de klimatiske forhold ved en kraftledning på Island i forhold til vår erfaring under norske forhold. Tross dette synes vi dog at forannevnt sammenligning med Adamselv-Lakselv linjen gir en viss orientering hvor man står.

Basert på de inntrykk vår ingeniør Wist sitter med etter befaringen hos Dem synes vi dog at på de strekninger hvor det f.eks. er angitt 38m/sek vind og 6 cm isdiameter er kravene meget strenge. Vi begrunner dette med at i samme områder på Island er det bestående kraftledninger og telefonlinjer med konstruksjoner som sikkert ville ha brukt sammen hvis de hadde blitt utsatt for de spesifiserte krav 38m/sek vind og samtidig 6 cm isdiamenter som gir et vindtrykk på 3,2 kg pr. m line.


Når vi allikevel anbefaler å benytte en sikkerhetsfaktor = 1,8 på 3,2 kg vindtrykk pr. m line på disse strekningene, skyldes dette at vi finner at 132 kV kraftledningen Nord-Syd-Island må bygges mest mulig driftssikker fordi det idag ikke er andre samkjøringsforbindelse i elforsyningen Nord-Syd på Island.

Dimensjoneringsgrunnlag og sikkerhetsfaktorer

(Vår begrunnelse henger sammen med tilsvarende erfaringer under norske forhold).

Vi håper denne orientering kan være Dem til hjelp og hører gjerne fra Dem snarest mulig om hvilken sikkerhetsfaktor som skal legges til grunn ved projekteringsarbeidene.

Méd hilsen


Tron Horn A/S

Fskj. 5

Iðnaðarráðuneytið

ARNARH VOLI

JB/sg

6. febr. 1974

PÖNTUN EFNIS Í NORÐURLÍNU

Vinnuhópur um háppennulinu milli Norðurlands og Suðurlands hefur nú að undanförnu látið kanna möguleikana á að útvega tréstólpum í ofangreinda línu. Sem standur er eins og kunnugt er þannig ástand, að langur afgreiðslufrestur er á mörgum efnistegundum, og getur verið hætta á að lagning línumnar tefjist af þeim sökum, nema beinlinis sé reynt að sjá við sliku.

Frá tveimur finnakum tréstauraframleiðendum hefur borist verötilboð í tréstauza í línuna. Ef hún verður öll byggð á tréstaurum þarf 6.000-7.000 einstaka staura í hana. Áðurnefndir finnskir framleiðendur bjóða samtals 4600 staura til afgreiðslu á tíma-bilinu júní-ágúst í sumar, ef tilboði beggja er tekið, og annar býður að auki um 1400 staura til afgreiðslu í maí 1975.

Vinnuhópurinn telur rétt að taka þessum tilboðum nú strax. Fari svo, að lokahönnun sýni að rétt sé að hafa línuna að einhverju leyti á stálmóstrum geta þeir tréstaurar, sem af þeim sökum ekki nýtast í Norðurlínu komið að notum við aðrar línlagnir hér. Einnig er vafalaust unnt að láta kaup á þeim ganga til baka, ef það bykir askilegra, eins og nú er háttar frambóði og eftirspurn eftir slikum vörum.

Vinnuhópurinn vill því eindregið leggja til við hið háa ráðuneyti, að það feli Rafmagnsveitum ríkisins að festa nú þegar kaup á ofangreindum staurum frá Finnlandi, í samráði við vinnuhópinn. Lagt er til, að Rafmagnsveitunum verði í bili falið að annast um þetta fyrir ráðuneytið, uns endanleg skipan framtíðenda við lagningu Norðurlínu verður ákveðin.

Fé til þessara kaupa þyrfti að taka af þeim 300 Mkr. sem lántóku-heimild nær til vegna línumnar. Ekki mun þurfa að leggja út fé í bili, þótt pöntunin sé gerð.

Allra virðingarfyllst,

R A R I K

Guðmundur E. Hannesson

LÍNULEIÐIR TIL HORNAFJARÐAR

Des. 1974

Guðmundur E. Hannesson

LÍNULEIÐIR TIL HORNAFJARDAR

Guðmundur samdi þessa skýrslu haustið 1974, (nóv.- des.).
 Hún er til í tveimur gerðum frá hans hendi. Hér mun hún vera
 sem næst því sem hann hefur viljað hafa hana, þó að línuleið-
 inni sé nákvæmar lýst í hinni gerðinni.
 Í viðauka á blaði 16 og 17 eru kaflar sem sú gerð skýrslunnar
 hefur umfram þessa.

EFTNISYFIRLIT

BLAÐ nr.

1. LÍNULEIÐIR TIL HORNAFJARDAR	2
2. HORNAFJARDARLÍNA	4
2.1 Stutt lýsing línuleiðarinnar	5
2.11 Endi línunnar við Hornafjörð	5
2.12 Jökulsá opf laxá í Lóni	5
2.13 Lónsheiði	7
2.14 Álfta- og Namarsfjörður	7
2.15 Aðveitustöðvarstæði við Djúpavog	8
2.2 Bekkt hvassviðra- og ísingarsvæði	9
2.3 Línuleið um Starmýrarfjörur og Fvottáreyjar	11
2.31 Starmýrarfjörur	12
2.32 Melrakkanesós	13
2.33 Fvottáreyjar	13
2.34 Djúnasund	14
3. REYNSLA AF LÍNUM VIÐ SJÓ	15
VIÐAUKİ	16

1. LÍNULEIÐIR TIL HORNAFJARÐAR

Þegar Hornafjörður verður tengdur við veitukerfi annarra landshluta með háspennulínu, er um two möguleika að ræða. Annars vegar tengingu við Austurland um Djúpavog til Egilstaða. Hins vegar er línulögn til S-V.lands til (Kirkjubæjklausturs eða) Víkur í Mýrdal.

Helstu vegalengdir á ofannefndum leiðum eru þessar:

Lína til Austurlands frá Hornafirði

Hornafjörður - Djúpivogur	75 km.
Djúpivogur - Grímsárvirkjun, um Öxi	<u>60 km.</u>
	Alls 135 km.
Grímsárvirkjun - Egilsstaðir	<u>20 km.</u>
	<u>Samtals 155 km.</u>

Lína til S.-Vesturlands frá Hornafirði

Hornafjörður - Smyrlabjargaárvirkjun	30 km.
Smyrlabjargaárvirkjun - Fagurhólmseyri	62 km.
Fagurhólmseyri - Kirkjubæjklaustur	<u>83 km.</u>
	Alls 175 km.
Kirkjubæjklaustur - Vík	<u>65 km.</u>
	<u>Samtals 240 km.</u>

(Kirkjubæjkarkl.- Sigalda, um Veiðivötn 75 km.)

Tenging Hornafjarðar við Kirkjubæjklaustur eða Vík er ekki tímabær eins og er, þar sem línum frá orkuframleiðslustað eru mjög veikar, aðeins 19 kV alla leið frá Hvolsvelli að Kirkjubæjklaustri (um 160 km.). Innan fárra ára verður að endurbæta línukerfið á þessu svæði og gæti þá tenging til Hornafjarðar komið inn í dæmið. Til dæmis má ef til vill hugsa sér tengilínu frá Sigoldu (um Veiðivötn) til Kirkjubæjklausturs ef sú lína héldi áfram til Hornafjarðar, þó línulögn þessa leið komi tæplega til greina einungis til Kirkjubæjkarkl. og Víkur..

Tengilína milli Djúpavogs og Hornafjarðar bætir ekki orkuástand síðarnefnda staðarins svo nokkru nemi, þar sem hinrar veikburðugu línur sem tengja eiga Djúpavog nū í haust við veitukerfi Austurlands gera tæplega betur en að duga Djúpavogi og nágrenni. Gera má ráð fyrir að í beinu framhaldi af línu Hornafjörður - Djúpivogur verði að leggja línu áfram til Grímsárvirkjunar og Egilsstaða. Slík lína mundi, auk þess að vera þáttur í umræddri tengingu, styrkja mjög veitukerfið á sunnanverðum Austfjörðum.

Ofannefndar línuleiðir eru mjög ólíkar. Leiðin milli Hornafjarðar og Egilsstaða liggur víðast hvar um grýtt land, skriður og kletta, auk þess er yfir tvær heiðar að fara. Lónsheiði um 400 m y.s.m. og Öxi um 550 m y.s.m. Víða er erfitt að koma línumni fyrir á þessari leið þar sem undirlendi er lítið, allvíða brattar skriður og klettar milli fjalls og fjöru þar sem línan þarf að fara um. Aftur á móti er línulögn frá Hornafirði til S.-Vesturlands sérlega auðveld, þar sem á miklum hluta þeirrar leiðar er yfir sléttu sanda að fara og öll leiðin á láglendi. En hins vegar eru á þeirri leið erfiðari vatnsföll, en með tilkomu brúa og vega yfir þau síðastliðið sumar má leggja línumna í skjóli varnargarða. Ef menn vilja bera saman þær tvær leiðir sem hér er drepið á, skal hafður í huga hinn mikli kostnaðarmunur sem er á lagningu línanna.

Hér hefur verið drepið á nokkur atriði sem koma í hugann þegar um er að ræða tengingu milli orkuveitusvæða. Hugsanlegir virkjunarstaðir og margt fleira eru að sjálfsögðu 168 á vogarskál þeirra sem meta hvaða leiðir skuli fara, og verður hér ekki farið lengra út í þau mál. Meiningin var að skýra hér frá línuleið og mælingu línumnar Hornafjörður - Djúpivogur, sem staðsett var í mörkinni og mæld síðastliðið sumar, hér nefnd Hornafjarðarlína.

2. HORNAFJARDARLÍNA

Síðari hluta júní mánaðar 1974 var hafið val línuleiða, mæling og gerð jarðfræðikönnunar á línumni Hornafjörður - Djúpivogur. Mælingavinna lauk í ágústmánuði sama sumar, en eftir er að reikna út úr mælingum og teikna prófíl.

Mælingin miðaðist við að línan verði 132 kV byggð á tréstaurum (eða stálmöstrum). Frumreikningar um stauragerðir og spennlengdir og b.h. lágu ekki fyrir þegar mæling var gerð, sem þó hefði verið aðskilegt því þá er fremur hægt að meta réttilega hvar heppilegasta línustæðið sé, sérstaklega þar sem línan liggur um mishæðott land, yfir ár o.p.h.

Öformlegt (síma-) samband var haft við starfsmenn eftirtaldra stofnana við upphaf mælinganna, og óskað eftir samráði og upplýsingum sem línuleiðina varðar: Náttúruverndarráð Hjörleif Guttormsson, Landssíma Íslands Ársæl Magnússon og Vegagerð ríkisins Einar Þorvaldsson.

Vettvangsskoðun á línustæðinu var gerð þann 16. júlí og var ekið frá Hornafirði til Djúpavogs (og Egilsstaða) og línuleiðin skoðuð. Eftirtaldir tóku þátt í ferðinni: Hjörleifur Guttormsson líffræðingur, Einar Þorvaldsson verkfræðingur, Hafsteinn Jónsson vegaverkstjóri (Hornafjörður - Lónsheiði), Tryggvi Sigurbjarnarson verkfr. og Guðmundur E. Hannesson. Síamenn gátu því miður ekki tekið þátt í ferðinni og töldu að þýðingarlítið væri að skoða línustæðið á mörkinni án undangenginna reikninga, sem byggðir væru á mældri fjarlægð milli línanna en slíkar mælingar voru ekki tiltækar. Ofan-nefndir aðilar þurfa að fá kort af línuleiðinni hið allra fyrsta.

Vissulega væri það aðskilegast að val mögulegra línuleiða, þ.e. staðsetning línuleiða í mörkinni og kortlagning, væri framkvæmd nokkrum mánuðum áður en mæling er framkvæmd, svo tími gefist til fyrir hina ýmsu aðila að fjalla um leguna.

2.1 Stutt lýsing línuleiðarinnar

Árni Hjartarson jarðfræðingur gerði jarðfræðiathuganir á línuleiðinni auk þess sem hann vann við mælingarnar og safnaði undirskriftum bænda um leyfi fyrir línustæðinu. Hann hefur tekið saman ítarlega skýrslu um "jarðfræðilega könnun línustæðis Austurlínu og nágrenni þess". Í skýrslunni lýsir Árni línuleiðinni og verður henni því ekki lýst hér, aðeins drepið á nokkur atriði.

2.11 Endi línunnar við Hornafjörð

Þegar mæling hófst var ekki búið að gera athuganir á því hvar línan ætti að enda. Mæling línunnar hófst ofan við bæinn Dynjanda í Nesjahreppi, og var ekki mælt fyrir línunni í nágrenni Hafnar.

Eðlilegast virðist að aðveitustöð verði staðsett í nágrenni við þjóðvegamótin ofan við Hafnarnesið, í svonefndum Skarðshólum. Þetta mál þarf að taka upp.

2.12 Jökulsá og Laxá í Lóni

Fyrsti farartálminn á línuleiðinni frá Hornafirði talið, er Laxá í Lóni, sem raunar nefnist Lambeyjarkíll þar sem línan fer yfir hana. Áraurarnir eru um 5-700 m á breidd á þessum stað. Laxáin ein sér er ekki ýkja mikið vatnsfall, en þegar hlaup eru í Jökulsá fellur hluti hennar saman við Laxá í Lambeyjarkíl um einum km ofan við línustæðið. Ýtt hefur verið upp varnargarði fyrir Jökulsá sem á að varna henni leið í kílinn. Garðurinn var í sundur í sumar enda einungis gerður úr árframburði. Heimamenn álitu að garðinum verði ýtt upp aftur og stefnt er að því að hann verði styrktur með grjóti. Þegar traustur garður verður kominn þarna er Lambeyjarkíll ekki teljandi vandamál gagnvart línu, og reyndar ætti að vera hægt að ganga þannig frá staur sem óhjákvæmilega kemur í aura kílsins, að öruggt verði, jafnvel þó Jökulsá komi í heimsókn.

Þegar Lambeyjarkíl sleppir tekur við svonefnt Krossaland, ca. einn km á breidd, öruggt staurastæði fyrir vatnagangi. Þar var býlið Krossaland áður fyrr.

Austan við Krossaland taka við aurar Jökulsár. Stefna línunnar er á Þorvaldshöfða, sem er klettahöfði á miðjum Jökulsáraurum og rís um 5-6 m yfir umhverfið. Ástæðan til þess að farið er í höfðann er, að auk þess sem hann er öruggt staurastæði, er hann sjálfkjörinn fyrir fastamastur sem kæmi í veg fyrir keðjubrot línunnar. Auk þess gefur hann möguleika á löngum staurabilum til beggja átta og fækkar þar með staurum á þessum hættulega línu kafla.

Ain hleður undir sig aur og breytir sér með nokkurra ára millibili. Í sumar rann hún austast á sínu umráðasvæði við enda varnargarða sem þar er búið að hlaða, og hafa heimamenn áhuga á að lengja þá enn frekar. Aurarnir eru sléttir og álarnir ekki dýpri en 2-4 m, en reikna má með að álar geti myndast í ánni hvar sem er í aurunum. Vegalengdin yfir aurana frá Krossalandi í höfðann er um 6-800 m (sjá próffíl), svo tæplega koma fleiri en einn til tveir staurar á aurana vestan höfðans. Frá Þorvaldshöfða til austurs tekur við álíka langur kafli sem er í hættu frá ánni, en þar eru grónir hólmar sem án fer ekki yfir nema í mestu hlaupum. Á þeim má fá all-öruggt staurastæði. Ain er þarna í fastari farvegi en vestan höfðans.

Allavega tel ég sjálfsagt að línan fari yfir ána á þessum stað, í stað þess að krækja upp að brúnni, sem mundi lengja hana um ca. 5 km. Með nútímatækni verður ekki betur séð (en) að vandalaust sé að ganga þannig frá staurunum að öruggt sé.

Skömmu eftir síðustu aldamót var símalína lögð yfir Jökulsá á þessum slóðum. Illa gekk að fá menn til þess að bera saman um það hvernig hún stóð, en eftir því sem komist verður næst voru bilanir tíðar vegna vatnagangs fyrst í stað, en hin síðari ár sem hún lá þarna voru ekki miklar bilanir á henni. Sett voru ker (staurabútar grafnir niður og fyllt inní með grjóti) utan um staurana og má sjá leifar af þeim enn í dag. Þegar brúin kom á Jökulsá við Stafafell og sími lagður á það var hann fluttur að brúnni.

2.13 Lónsheiði

Línan liggur yfir heiðina þar sem hún er lægst, í næsta nágrenni við veginn sem ætlunin mun vera að lagður verði niður á næstunni, og nýr vegur lagður fyrir fjallið um Hvalnes, Hvalnesskriður og Þvottárskriður. Síminn liggur einnig yfir heiðina, og þar sem heiðin er þróng fer ekki hjá því að nábýli verði milli síma- og raflínu. Þarf raunar að færa símann á nokkrum stöðum og var línumunni valinn staður miðað við það. Símalínan hefur stundum farið í kaf í snjó á heiðinni og hefur hún verið hækkuð á nokkrum stöðum af þeim sökum.

Eg tel að minni hætta sé á að raflínan fari í kaf þar sem hún er staðsett, en nauðsynlegt er að snjóalög verði könnuð á komandi vetrum. Línustæði er hrjóstrugt á heiðinni.

Ísingarhætta er ekki talin vera á heiðinni og er að sögn símamanna eitt besta línustaðið á leiðinni Djúpivogur - Hornafjörður á Lónsheiði.

2.14 Alfta- og Hamarsfjörður

Að þessu svæði er þróngt að koma fyrir línu, hlíðarnar grýttar og klettóttar og undirlendi lítið og sumstaðar ekkert. Fyrir eru í landinu vegur, símalína og eins vírs raflína, svo það er fullsetið fyrir og fyrst í stað virtist ekkert land vera eftir til þess að koma línumunni um. Þó rættist úr þegar farið var að skoða landið betur og tel ég að hægt sé að leggja línu viðunandi þarna um, en landið er erfitt til línulagnar, klettar, klungur og skriður. Á nokkrum stöðum verður ekki komist hjá að flytja til símalínuna og sveitaraflínan þarf að færast á einstaka stað. Samsíða nálgun við símalínuna er, eins og gefur auga leið, mikil nær alla leiðina, og er líklegt að ef línan verður lögð þessa leið verði símalínan óvirk af völdum truflana frá henni. Ef svo verður að símalínan verði óvirk og símamálin leyst á annan hátt en með línu, er sjálfsagt að endurskoða línuleguna á þessu svæði því hún var ákveðin með tilliti til þess að símalínan yrði áfram.

Línunni var valinn staður fyrir Melrakkanes. Athuguð var leið yfir nesið; þar er sæmilegt línustæði hvað landslag snertir en aukinn kostnaður við slóða- og veglagningar. Örugglega er sú leið veðurfarslega verri en fyrir fjallið og stytting línunnar óveruleg.

